

10
ÁRA

Blátt áfram

**Verndarar barna
teknir tali**

Óddur Pétursson

lítur yfir farinn veg sem
stjórnarmaður frá 2006

Hafdis Hafsteinsdóttir

rekur sögu söluátaxsins
vertu upplýstur

**Ágúst Ólafur
Ágústsson**

Bætt löggjöf í
kynferðisbrotum gegn
börnum

» 18



Ávarp stofnenda Blátt áfram

Blátt áfram fór af stað sem sérverkefni um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum innan vébanda Ungmennafélags Íslands í apríl árið 2004. Árið 2006 varð það svo að sjálfstæðum félagsamtökum sem vinna að forvörnum í þessum málaflokki, fyrst og fremst með fræðslu fyrir fullorðna en einnig fyrir börn og unglínga. Blátt áfram fagnar því 10 ára afmæli um þessar mundir.



Starf Blátt áfram var byggt á þeirri hugmynd okkar systra að ef fullorðnir væru meðvitaðri um einkennin og gætu rætt um kynferðisofbeldi við börn sín væru minni líkur á því að barn verði fyrir því. Við fundum síðan fræðsluefni frá Darkness2light, grasrótarsamtökum í Bandaríkjunum, þar sem áherslan var á að fræða fullorðna. Þegar bæklingurinn „7 skref til verndar börnum“ var sendur inn á öll heimili í landinu kom fljótt í ljós að framboð á fræðslu um málaflokkinn var takmarkað og eftirsurnin var mjög mikil. Við réðumst því í það verkefni að leita að og þróa námsefni. Blátt áfram lét þýða og staðfæra námsefni frá Darkness2light svo til varð námskeiðið Verndarar barna.

Nú hafa um 10% þjóðarinnar fengið fræðslu frá Blátt áfram. Boðið hefur verið upp á námskeið og fyrirlestra fyrir fullorðna, lífsleiknínámskeið fyrir unglínga og brúðuleikhússýninguna „Krakkarnir í hverfinu“ fyrir börn. Auk þess höfum við boðið upp á leiðbeinendaþjálfun svo námskeiðið Verndarar barna er nú haldið vítt og breitt um landið.

Með dyggum stuðningi stjórnarmanna félagsins hefur okkur tekist að halda áfram að vinna að forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi á hverju ári með auglýsingaherferðum. Samfélagið hefur svo sýnt Blátt áfram stuðning sinn í verki með því að kaupa bláa ljósið með slagorðinu „Vertu upplýstur“. Með því getum við haldið forvarnarstarfinu áfram og horfum björtum augum fram á veginn.

SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR OG SVAVA BROOKS

Blátt áfram 10 ára

Ritstjóri og höfundur texta:

Þórunn Gréta Sigurðardóttir

Ábyrgð: Sigríður Björnsdóttir og Svava Brooks

Ljósmyndir: BIG ofl.

Hönnun og umbrot: Grafík.is



ÉG ER EKKERT SKRÝTINN

þótt ég kynni mér málin

Práinn Árni Baldvinsson, gítarleikari í hljómsveitinni Skálmöld, er einlægur stuðningsmaður Blátt áfram. Hann hefur heitið á Blátt áfram í Reykjavíkumaraþoni og fyrir tveimur árum ákvað Skálmöld að selja gítar á uppboði og gefa ágóðann til Blátt áfram.

Práinn Árni er auk þess menntaður kennari, starfar sem tónmennta- og samfélagsfræðikennari við Norðlingaskóla og starfar sjálfstætt við gítarkennslu. Hann hefur þó verið í fæðingarorlofi frá byrjun þessa árs, en hann á tvær dætur. Þráinn Árni sótti fræðsluerindi um forvarnir sem Blátt áfram býður upp á í formi fyrirlesturs á netinu og er ætlað foreldrum.

„Blátt áfram samtökin höfðu lengi verið mér hugleikin og ég hef gert eitt og annað til að styrkja þau. En mér fannst ekki nóg að gert, ég vildi vita meira um það hvernig ég ætti að vinna að þessum málum í samfélaginu. Ég hafði sótt mér ýmsar upplýsingar á heimasíðu samtakanna, en hafði síðan beint samband við Svövu og spurði hana bara hreint út hvernig ég sem faðir gæti sem best verndað börnin mín. Ég gerði mér auðvitað grein fyrir því að ég gæti ekki haft auga með þeim öllum stundum í gegnum allt lífið, en ég vildi sækja mér fræðslu. Svava bauð mér þá að sitja fyrirlestur hjá sér á netinu. Hún hélt þar erindi og svaraði svo spurningum þátttakenda á eftir.

Það sem ég hafði hugleitt mikið var hvað það er auðvelt að vera reiður þegar maður stendur frammi fyrir þessum málum. Þegar ég ákveð að sitja þennan fyrirlestur, þá bjóst ég hálfvegis við því að fulltrúi samtakanna sem sér um að vernda börn og fræða fólk hlýti því að vera svolítið harður og strangur. Segði okkur að reglurnar væru bara svona, á þeim væru engar undantekningar og engin miskunn með það.“

Þarf ekki að setja of strangar reglur

„Ég er sjálfur aðstandandi þolenda kynferðisofbeldis og ég, foreldrar mínir og systir tókum skýra afstöðu með þeim. En ég hafði samt ekki náð að vinna úr mínum tilfinningum á annan hátt en með reiði og þess vegna hélt ég að fyrirlesturinn yrði svolítið harkalegur. En það sem var svo frábært við fyrirlesturinn hjá Svövu var að hún var bara að benda mér sem foreldri á þann rétt sem ég hef til þess að fylgja barninu mínu í skóla

og tómstundir og kynna mér hvað fer þar fram. Heilsa upp á þá sem starfa þar og spyrja spurninga. Ég er ekkert skrýttinn þótt ég kynni mér málin. Svo fannst mér líka svo flott að hún sagði mér ekkert að setja börnunum of strangar reglur, ég á ekkert endilega að segja barninu mínu að það megi aldrei fara þangað eða aldrei gera þetta eða hitt. Auðvitað gildir alltaf reglan að fara ekki upp í bíl með ókunnugum eða heim með einhverjum sem maður þekkir ekki, en ég þarf ekki að hræða börnin mín með ströngum reglum. Annað sem mér finnst standa upp úr frá þessum fyrirlestri er að ég fékk þá trú að samfélagið geti orðið nógu vel undirbúið og vakandi til þess að þeir sem eru líklegir til að gera eitthvað af sér myndu mögulega hugsa sig tvisvar um. Þar liggur forvarnaraflíð, í því að gera öllum grein fyrir að samfélagið er meðvitað og líður þetta ekki.“

Ég get ekki látið eins og ekkert sé

„Svo skiptir líka máli þegar kynferðisofbeldisbrot eiga sér stað að allir horfast í augu við að þetta hafi gerst og taki afstöðu með þólandanum. Ef ekki er sýnileg iðrun hjá gerandanum, þá hefur hann ekki tekið út sína refsingu, sama hvað hann kann að hafa setið lengi í fangelsi. Samfélagið í dag hefur samt tekið breytingum. Viðbrögð fólks á þeim tíma sem ég fylgdist með þessu máli sem tengist mér fara fyrir dóm eru vonandi barn síns tíma. En það sem mér þykir verst er að enn í dag er fólk sem vill láta eins og ekkert hafi gerst þrátt fyrir að gerandinn í því máli hafi fengið þyngsta dóm sem hafði verið kveðinn upp í kynferðisafbrotamáli á þeim tíma. Ég get ekki látið eins og ekkert sé. Mér finnst svo skrýtið hvað fólk er tilbúið að æpa upp yfir sig hvað þetta sé hræðilegt þegar svona mál verða áberandi í fjölmiðlum en svo þegar upp kemst um brot innan fjölskyldna, þá virðast flestir bara vilja stinga hausnum í sandinn. Ég veit alveg að þetta er rosalega erfitt, en við verðum samt að horfast í augu við þetta. Hvaða skilaboð er verið að senda þólandum þegar samfélagið faðmar gerandann? Mér fannst það ákveðin stuðningsyfirlýsing af minni hálfu við

þolendur þessa máls að heita á Blátt áfram í Reykjavíkumaraþoninu.“

Finnst þér fólk vera hrætt við opnari umræðu og fræðslu um kynferðisofbeldi?


„Fólk er eðlilega mjög hrætt við falskar ásakanir og ég veit líka um marga sem halda að Blátt áfram séu múgæsingarsamtök eða öfgasamtök. En ég þekki ýmislegt sem frá þeim hefur komið og finnst Blátt áfram standa mjög vel að þessari fræðslu. Ég sá t.d. fyrstu brúðusýninguna þeirra sem grunn-skólakennari og mér fannst nógu merklægt á þeim tíma að það kæmi yfir höfuð fólk í skólann til þess að tala um þessi mál. Allt í einu var verið að tala um hluti sem hafði aldrei verið talað um. Ég held að framlag Blátt áfram til þessa málaflokks verði seint ofmetið. Hverjir væru t.d. að bjóða upp á fræðslu um þessi mál ef Blátt áfram hefði ekki komið til? Það eina sem ég hef orðið var við sem kennari eru fyrirlestrar skólahjúkrunarfræðinga en ég man ekki eftir neinum sem sérhæfir sig í fræðslu um þennan málaflokk.“

Heldurðu að forvarnarfræðslan skili árangri?

„Já, ég held að þessar forvarnir virki. Það eiga allir að vita að það má setja mörk og það má alltaf gera athugasemdir. Börn eiga ekkert að þurfa að kyssa allt frændfólk sitt í veislum ef þau vilja það ekki, sama hvað frændfólkið er gott. Það er mikilvægt að börn séu frædd um það og þá ekki síður unglíngar. Þau mega segja ef þeim mislíkar eitthvað og það á að vera eðlilegt. Ég mæli með því við alla foreldra að sækja þessi námskeið. Það er líka mikilvægt að vita hvar hætturarnar eru í samfélaginu. Við lesum oft í blöðunum um að barn hafi verið lokkað upp í bíl og höldum þá að það sé stærsta hættan, en vandinn er í langflestum tilfellum nær okkur en það. Ef foreldrar eru samtaka um að vera vakandi og samþykkja t.d. að við getum öll bankað upp á hjá hvert öðru og fylgst með því hvað barnið okkar er að gera á heimilum vinnu sinna, þá byggjum við upp samfélag sem er ekki tortryggisamfélag heldur einfaldlega samfélag sem er vakandi og leyfir ekki svona hluti. Ég held að okkur muni takast að byggja upp það samfélag.“

Verum upplýst

- kaupum ljósið!



Ein af hverjum 5 stelpum og einn af hverjum 10 drengjum verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

Verum upplýst

Forvarnarsamtökin **Blátt áfram** hvetja til forvarnarfræðslu fyrir fullorðna í grunnskólum og samfélaginu öllu gegn kynferðisofbeldi á börnum. Starfið hjá forvarnarsamtökunum fer fram allt árið og fagna þau **10 ára afmæli** á þessu ári.

Það er verkefninu mikilvægt að samfélagið sýni stuðning sinn í verki því án framlaga væru Blátt áfram ekki starfandi. Við hvetjum landsmenn alla að hjálpa okkur í að upplýsa þjóðina um gildi forvarna.



Ljósið fæst í helstu verslunarkjörnum um land allt!

Blátt  áfram

Verum upplýst, kaupum ljósið! blattafram.is

Einar Sverrir Tryggvason, tónskáld, hjóp til styrktar Blátt áfram í Reykjavíkummarþoni sumarið 2013.

Hvers vegna styður þú Blátt áfram?



„Ég hef verið að semja tónlistina við síðustu tvær þáttaraðir af sjónvarpsþættinum Málið og fyrsti þátturinn sem ég fékk í hendurnar fyrir jólin 2012 var

fyrsti hluti í þriggja þátta umfjöllun um barnanið. Þar var greint frá ansi ógnvekjandi tölum og tölfraedi um barnanið og að sjálfsgöðu fær það ansi mikið á mann. Verst var þó þegar Sölvi Tryggvason þóttist vera 12 ára stelpa á internetspjalli. Magn klúrna skilaboða, tilboða og jafnvel mynda sem honum bárust var alveg fáránlegt - svo miklu meira en ég hefði nokkurn tímann getað giskað á að gæti gerst á okkar litla Íslandi. Þar að auki hafði ég komist að því árið áður að nokkrir vina minna og kunningja höfðu lent í einhvers konar kynferðisofbeldi sem börn. Þá virkilega sló það mig hvað þetta er gríðarlega útbreitt og stórt vandamál - miklu stærra en ég hafði gert mér grein fyrir - og stendur manni miklu nær. Þess vegna fannst mér ég ekki geta annað en að hlaupa til styrktar Blátt áfram.“

Guðfinna Ingjaldsdóttir styður við starfsemi Blátt áfram sem sjálfboðaliði.

Hvers vegna styður þú Blátt áfram?

Ég heyrði af Blátt áfram í gegn um börnin mín og þekkti þannig til starfsins sem samtökin sinna innan skólanna. Ég á fjögur börn, en tvö þeirra eru á grunnskólaaldri og hafa setið fyrirlestra frá Blátt áfram í skólanum. Eins og flestir foreldrar hafði ég rætt við þau um hvað ofbeldi er og reynt að gera þeim kunnugt um hættur og viðbrögð við þeim. En eftir að þau höfðu setið fræðslufyrirlestrana frá Blátt áfram fengum við foreldrarinn fullt af spurningum og ég heyrði og fann á þeim hvað þau þroskuðust mikið við umræðuna sem myndadist á fyrirlestrum. Í tengslum við þessa fyrirlestra kom einnig í ljós að það voru börn með þeim í bekk sem áttu um sárt að binda og fengu aðstoð í kjölfarið. Það er ómetanlegt að vita til þess að fræðslan geti haft þessi áhrif. Til að hvetja Blátt áfram í sínu góða starfi og þakka fyrir að opna umræðuna vildi ég því leggja Blátt áfram líð sem sjálfboðaliði.



Þróðu tilfinningabókina

til að koma umræðunni inn á heimilin

Rannveig Júlíana Bjarnadóttir, leikskólastjóri á leikskólanum Gullborg við Rekagrandu í Reykjavík fór á námskeiðið Verndarar barna og hóf í kjölfarið forvarnarátak.

Mér fannst bara að ég sem stjórnandi þyrfti að horfast í augu við að þetta var eitthvað sem ég varð að kynna mér. Í raun og veru var ég skíthrædd þegar ég skræði mig á námskeiðið. Ég vissi ekkert við hverju ég ætti að búast. En svo kom í ljós að þetta námskeið var frábært og það gaf mér mjög mikið að horfa með þessum augum á minn vinnustað. Aðalmarkmið leikskólans er að styrkja sjálfsmynd barna og kynferðislegt ofbeldi hefur náttúrulega mjög slæm áhrif á hana. Mér datt þá í hug nýta þetta markmið okkar sem grunn að forvörnum svo ég kallaði starfsfólkið saman og við fórum að skoða leikskólann með tilliti til þessara þátta. Við komum okkur saman um að það væri nauðsynlegt fyrir okkur að fá frekari fræðslu um þessi mál svo við fengum fyrirlestur frá Blátt áfram fyrir allt starfsfólkið hér og í kjölfarið settum við okkar eigin verklagsreglur.“

Hófst forvarnarverkefnið þá með sameiginlegri hugmyndavinnu starfsfólks?

„Já, það hófst árið 2009 og allir starfsmenn Gullborgar komu að því. Þegar við vorum að vinna þetta verkefni sáum við hvað þetta er nálægt okkur. Það voru 22 starfsmenn sem unnu saman að þessu á sínum tíma og þar af stigu tveir fram sem höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku. Þrátt fyrir að ég hefði unnið með þeim í mörg ár gerði mér enga grein fyrir þessu. Svo þarna sáum við hve mikil þörf er fyrir þetta í raun og veru.“

Eftir þetta fórum við að vinna með starfsaðferðir og verklagsreglur í leikskólanum um það þegar grunur vaknar um ofbeldi gagnvart börnum í einhverri mynd. Þegar þetta hafði svo allt verið kynnt fyrir foreldrunum tóku nokkrir leikskólastjórar herna í Vesturbænum sig til og ákváðu að halda sameiginlega fræðslu fyrir sitt starfsfólk. Þau fengu Siggú í Blátt áfram og fulltrúa Barnaverndarstofu til liðs við sig og þær héldu fyrirlestur í Neskirkju fyrir starfsfólk Ægisborgar, Vesturborgar, Sæborgar og Hagaborgar. Þá var foreldrum líka boðið upp á fræðslu.“

Skýrsla um forvarnarverkefni Gullborgar skrifuð og birt

„Það sem okkur fannst mikilvægt að skilgreina í verklagsreglunum var að starfsmaðurinn á hvorki að sitja einn með málið né

heldur þarf hann sjálfur að leita beint til félagsmálayfirvalda. Hann leitar fyrst til mín og ég ber ábyrgð á að málið fari í réttan farveg. Ég held að það einfaldi ferlið mjög mikið. Þetta hefur það líka í för með sér að ef einhverjar grunsemdir vakna, þá getum við rætt ópinskætt um þetta okkar á milli. Það eru allir hræddir við þessi mál, sem ég skil vel, ég hef verið í þeim sporum sjálf. En það er bara hluti af vinnunni að þurfa að skoða og rýna í þessi mál.“

Svo var skrifuð skýrsla um forvarnarverkefnið og eftir að hún var birt á heimasíðunni hefur verið haft samband við mig frá öðrum leikskólum og spurt hvort leyfilegt sé að nýta þetta efni. Það er það að sjálfsgöðu, þetta er opið og allir mega taka þetta og aðlaga að sínu starfi.“

Nýtt samstarfsverkefni um forvarnir hafið

Það sem síðan hefur gerst er að nú eru Gullborg, Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland komin í tveggja ára verkefni til að stuðla að fræðslu fyrir starfsfólk þessara stofnana um forvarnir gegn ofbeldi gagnvart börnum í allri sinni mynd. Auður Magnús Audardóttir hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar stýrir þessu verkefni og því lýkur árið 2016.

„Skýrslan sem við gerðum hefur verið höfð til hliðsjónar við stefnumörkunina. Hún er að sjálfsgöðu ekki fullkomin og það má eflaust gera við hana athugasemdir, en hún var ákveðin áfangi og öllum er frjálst að líta til hennar. Við vonumst til þess að þetta tveggja ára forvarnarverkefni geti síðan af sér enn betri gögn og meira fræðsluefni um þessar forvarnir sem starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila geta nýtt sér.“

En ég vil taka það skýrt fram að ég eigna mér ekki þetta verkefni, þótt ég hafi komið því af stað. Það tóku allir þátt í þessari vinnu, allir lögðu mikið af mörkum og það var mikill samstarfsvilji. Þótt það megji kalla þetta átak, þá var ekkert átak að koma þessu í gang, allir tóku þessu fagnandi og tóku virkan þátt.“

Hafið þið boðið upp á fræðslu fyrir börnin?

„Við höfum sjálf sinnt ákveðinni fræðslu en út frá þessu forvarnarverkefni fannst okkur ekki nóg að við værum að vinna í þessu hér

á leikskólanum heldur þyrftum við að leggja okkar af mörkum til að koma umræðunni inn á heimilin. Við þróuðum því verkefni sem heitir Tilfinningabókin. Það virkar þannig að börnin fá bók með auðum blöðum og taka hana með sér heim þrisvar til fjórum sinnum á ári. Við erum svo með lífsleiknitíma herna og þau vinna úr verkefnum þar. Fyrsta verkefnið á haustin er alltaf að teikna sjálfsmynd af sér því við vinnum út frá sjálfsmyndinni. Umhverfið og vinnudagurinn er þannig að þau þurfa að fá að koma tilfinningum sínum á framfæri, skoðunum sínum og væntingum svo starfsaðferðir þurfa að tryggja að á þau sé hlustað. Við viljum að að börnin þori að koma sínum skoðunum og væntingum á framfæri þannig að við séum ekki alltaf að skipa þeim fyrir eða slá á hendurnar á þeim. Við útskýrum fyrir þeim að allir hafa ólíkar tilfinningar, sumum finnst eitt, öðrum finnst annað og að það er í lagi. En svo eftir að þau hafa teiknað sjálfsmyndina fá þau verkefni sem er aldursmiðað. Þau svara spurningum á borð við Hverjir eru vinir mínir? Hvernig vil ég láta koma fram við mig? Hvernig kem ég fram við vini mína?

Börnin mæta stolt með tilfinningabókina

„Við tengjum þetta meðal annars við samskipti þannig að þau fá verkefni heim, teikna mynd eftir fyrirætlun og foreldrarinn vinna þetta með þeim. Svo koma þau með bókina og við vinnum úr þessu í hópum svo þau læra líka að standa fyrir framan hópinn og tjá sig. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir meðal foreldra og það er líka mjög gaman að fylgjast með þeim þegar þau koma með bókina með sér að heiman. Þau fá að fara með bókina heim í tíu daga, koma svo með hana undir hendinni í leikskólana og eru ótrúlega stolt af henni.“

Þetta verkefni hefur gefist einstaklega vel. Það gengur vel fyrir alla aldurshópana og við höfum kynnt þetta í Kennaraháskólanum. Við ætlum okkur að halda áfram að þróa þetta allt og erum líka fús til að deila okkar reynslu með öðrum, það þurfa ekki allir að finna upp hjólið.“

Á heimasíðu Gullborgar, gullborg.is, má nálgast frekari upplýsingar um verkefnið í skýrslu um samstarf Gullborgar og Blátt áfram og samantekt um samstarfsaðferðir ef grunur vaknar um ofbeldi gagnvart börnum.

Verum upplýst

- kaupum ljósið!

Ein af hverjum 5 stelpum og einn af hverjum 10 drengjum verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

Verum upplýst

Forvarnarsamtökin **Blátt áfram** hvetja til forvarnarfræðslu fyrir fullorðna í grunnskólum og samfélaginu öllu gegn kynferðisofbeldi á börnum. Starfið hjá forvarnarsamtökunum fer fram allt árið og fagna þau **10 ára afmæli** á þessu ári.

Það er verkefninu mikilvægt að samfélagið sýni stuðning sinn í verki því án framlaga væru Blátt áfram ekki starfandi. Við hvetjum landsmenn alla að hjálpa okkur í að upplýsa þjóðina um gildi forvarna.



Ljósið fæst í helstu verslunarkjörnum um land allt!

Blátt  áfram

Verum upplýst, kaupum ljósið! blattafram.is

INNAN KIRKJUNNAR á allt að vera fullkomið



Eric Guðmundsson er formaður Aðventkirkjunnar á Íslandi og prestur sjöundadags aðventista í Árnes- og Reykjavíkursöfnuði. Aðventkirkjan setti sér formlegar starfs- og siðareglur varðandi kynferðislegt ofbeldi árið 2001 og var því meðal fyrstu trúfélaga á Íslandi til að setja sér slíkar reglur.

Reglnar voru svo teknar til endurskoðunar árið 2006 og í tengslum við það var Aðventkirkjan meðal annars í samstarfi við Blátt áfram, auk þess sem starfsfólk kirkjunnar og skólans, sem hún rekur í Suðurhlíð í Reykjavík, hefur setið námskeiðið Verndarar barna.

„Ég held að allir hafi tekið því mjög fagnandi að fá þessa fræðslu og sjálfum fannst mér námskeiðið mjög gagnlegt. Mér fannst það mjög málefnalegt. Bæði var tekið á mörgum, mikilvægum atriðum, en einnig var tryggt að fólk gæti tekið virkan þátt í því með því að segja sínar skoðanir og skýra sína stöðu. Mér fannst því mjög vel að þessu staðið. Aðstandendur námskeiðsins tóku vel í allt samtal og ég varð ekki var við neina tregðu til þess að opna sig, hvorki af hálfu leiðbeinenda né þátttakenda. Viðbrögðin meðal þeirra sem sátu námskeiðið voru líka góð. Þessar reglur sem við settum og gáfum út árið 2001 hafa eflaust undirbúið jarðveginn svolitíð.“

Hvað varð til þess Aðventkirkjunnar réðst í þetta forvarnarátak?

„Við höfum auðvitað lent í ýmsu eins og svo margir. Því miður hafa einstaklingar uppgötvast innan okkar raða sem hafa áreitt eða ofsótt börn eða sýnt af sér hegðun sem var ótilhlíðileg. Í kjölfar þess að slíkt mál kom upp var settur saman hópur sem vann reglurnar og þær voru endurskoðaðar síðar, m.a. í samstarfi við Blátt áfram, Stígamtót og fleiri aðila. Ég fylgdist með þessu starfi hópsins og tel hann hafa unnið gott verk. Þetta hefur opnað viðhorf fólks og það er samstaða innan kirkjunnar að ganga eins langt og hægt er í að taka um rót vandans. Ég er viss um að þetta starf hafi einnig gert það að verkum að starfsfólkið var mjög jákvætt í garð námskeiðsins.“

Síðan reglurnar voru settar hafa aðilar utan safnaðarins einnig fengið að líta til þeirra og finnst þetta almennt vera nokkuð góð frumraun til að setja starfs- og viðbragðsreglur á þessu sviði. Auðvitað er alltaf hægt að betrumbæta og nauðsynlegt uppfæra allar reglur í takt við tímann. Það hafa margir kristnir söfnuðir sett svona reglur síðan en ég held að við höfum stigið skrefið nokkuð snemma.“

Hvernig eru reglurnar kynntar?

„Öllum starfsmönnum eru kynntar þessar reglur og allir fá útprentaðan bækling með sér heim. Við reynum því að halda þessu á lofti þannig að sérhver starfsmaður sem hefur eitthvað með börn að gera og einnig aðrir þekki þær og sjái að ofbeldi sem þetta verður ekki liðið hér. Það verður mikil vitundarvakning þegar svona reglur eru settar fram. Auðvitað getur allt gerst þótt fólk sé upplýst og skrifi undir yfirlýsingar um að fylgja regl-

„Einmitt vegna þess að við settum reglur og höfum sýnt að við förum eftir þeim, þá bera foreldrar jafnvel meira traust til okkar en áður.“

unum, veiti aðgang að sakarvottorði og öllu slíku. En vitundarvakningin finnst mér stórmerkileg. Ég verð að segja að það tók tíma að temja sér þessa hugsun í einu og öllu og taka skýlausa afstöðu með þolandanum og þar með gegn gerandanum. Það kom upp mál hérna fyrir um 10 árum sem varðaði einn af okkar gömlu meðlimum. Sá hafði verið framámáður í kirkjunni í mörg ár. Það var erfitt að setja þessa hugsun í forgang og það fylgdi því álag. Þó mér finnst önnur hugsun furðuleg og gamaldags í dag, þá var hún viðtekin svo lengi. Þannig að þessi vinna hefur virkilega hjálpað okkur en einnig tekið mjög á.“

Sársaukafullt að taka afstöðu gegn fólki sem maður treysti

„Ég sem forstöðumaður segi fyrir mig að það var mjög freistandi að loka augunum þegar þetta mál kom upp. Það er á alla kanta alveg hrikalegt að lenda í svona máli og þurfa að vinna úr því, sérstaklega ef maður er tengdur gerandanum, telur sig þekkja hann og hafa treyst honum. Það eykur svo enn á álagið að vera trúfélag, því þar má ekkert gerast. Það er einhver ímynd að innan kirkjunnar eigi allt að vera fullkomið. Það tók mjög á að komast út úr þeim hugsanagangi. Það að taka rétt á svona málum og koma sökinni alfarið þangað sem hún á heima er því alls ekki sársaukalaus ferli. Það er sama hvað þú gerir, sama hvers málstað þú tekur, þú verður alltaf fyrir einhverjum ásökunum. Það verður alltaf einhver sársauki og það er mannlegt að fordást sársaukafullar aðstæður.“

En það sem málið snýst um er að reyna að hjálpa, ganga fram

með einhvers konar réttlæti og hafa skýra forgangsröðun. Að hafa það alveg á hreinu hvar sökin liggur, ganga skýlaust þannig fram og framfylgja því. Síðan þurfum við líka að skilja það að við erum ekki fagaðilar.“

Eru skýrar verklagsreglur hvert er þá leitað?

„Já, það er alveg klárt að ef eitthvað svona gerist, þá er það brot á landslögum og þá þurfa þeir aðilar að koma inn sem hafa með það að gera. Ef um er að ræða brot, þá þarf það að fara fyrir lögreglu og auðvitað leitum við líka til annarra fagaðila. Það sem lengi var brotalöm innan kirkna var að fagrát um þessi mál voru ekki til. Það fyrsta hér á landi var stofnað innan Þjóðkirkjunnar og það er ekki svo langt síðan. Kapólska kirkjan stofnaði síðan eigið fagrát og á síðasta ári var svo stofnað sameiginlegt fagrát fyrir aðra kristna söfnuði á Íslandi. Þetta fagrát er virkur samstarfshópur allt árið um kring. Að baki fagrátinu stendur Félag um fræðslu og forvarnir, FUFF, sem 20-30 kirkjur eru aðilar að. Fagrátid er síðan skipað þremur til fjórum einstaklingum sem allir eru fagaðilar, m.a. sálfræðingur og félagsráðgjafi. Starf félagsins snýst því ekki bara um að hafa vettvang til að taka á málum eftir að þau koma upp heldur einnig um fræðslu og forvarnir.“

Fagrátid sótti sér víða fyrirmyndir að starfsreglum, skoðaði sambærilegar reglur frá Noregi, Svíþjóð og Danmörku og svo vorum við auðvitað búin að setja okkar reglur sem komu inn í þennan sarp og hafa verið nýttar sem fyrirmynd. Við bindum miklar vonir og traust við allar þessar umbætur sem gerðar hafa verið og við það að hafa nú fagrát til að leita til.“

Fannst þér þú verða var við aukinn ótta af hálfu foreldra eftir að málið kom upp?

„Nei, ég get ekki sagt það. Það er auðvitað vitundarvakning á meðal foreldra almennt, alveg eins og hjá okkur sem hér störfum. Foreldrar spurðu t.d. ekki um þessi mál hér áður fyrr. Í dag eru foreldrar meðvitaðir um þessi mál og spyrja. En ég upplifi það ekki sem ótta eða kvíða og alls ekki sem vantraust. Ég upplifi það ekki heldur þannig að foreldrar haldi að þessi mál komi frekar upp hér en annars staðar. Ég verð ekki var við annað en heilbrigð viðhorf foreldra til þessara mála og ég held að einmitt vegna þess að við settum reglur og höfum sýnt að við förum eftir þeim, að þá beri foreldrar jafnvel meira traust til okkar en áður. Þau viðhorf hafa komið fram að við værum að ala á ótta og ógn með því að setja reglurnar. Að við værum að skapa andrúmsloft ótta og vantraustu með því t.d. að krefjast framvísun sakavottorðs við ráðningu nýrra starfsmanna, en það hefur alls ekki gerst. Þvert á móti, það er bara rétt um þetta, það er meðvitund, en hvorki ótti né vantraust. Allt þetta forvarnarstarf hefur því haft mun jákvæðari áhrif en margir óttuðust.“

Við þurfum að vera dugleg að nýta okkur þessar reglur og við þurfum líka að uppfæra þær, það er komið að því núna að að skoða þær upp á nýtt. Okkar markmið er því halda áfram að vinna að forvörnum í þessum málaflokki hér innanhúss þótt við séum aðilar að fagrátinu.“

Apríl 2014

Alþjóðlegur mánuður gegn ofbeldi á börnum



Dagatal fyrir apríl

Hugmyndir fyrir foreldra til að gera skemmtilega hluti með börnum sínum í apríl – Forvarnarmánuði gegn ofbeldi á börnum!

Leikur!
Hvað er Blátt áfram?
taktu þátt á [facebook.com/blattafram](https://www.facebook.com/blattafram)

Farðu inn á [blattafram.is](https://www.blattafram.is) og kynntu þér fræslu fyrir foreldra og hvenær er ókeypis fræsla í boði.

Staðreyndir
Gerðu þér grein fyrir staðreyndum og áhættuþáttum.
7 skref til verndar börnum*

Þann 4. apríl er ókeypis fyrirlestur á netinu fyrir foreldra kl. 20:00.
Skráning á blattafram@blattafram.is



Útivera



Borða saman

Fræða og ræða við börnin um einkastaðina þeirra.

Lesu saman Einkastaðir og líkami minn.

Skóða netöryggi með unglíngnum á [soft.is](https://www.soft.is)

Fækkaðu tækifærunum!
Fækka kringumstæðum þar sem barn er eitt með einum fullorðnum.
7 skref til verndar börnum*



Fara í húsdýragarðinn

Ræddu málin!
Börn halda ofbeldinu oft leyndu. Með því að tala opinlegt um málefnið er hægt að rjúfa þögnina.
7 skref til verndar börnum*



Lesu saman „Mínir einkastaðir“

Leikur!
Hvað er kynferðisofbeldi á börnum?
taktu þátt á [facebook.com/blattafram](https://www.facebook.com/blattafram)

Muna að!
Horfa á *Fáðu já* með unglíngnum

apríl

Vertu vakandi!
Merkin eru ekki alltaf augljós, en merkin eru oft til staðar en þú þarft að koma auga á þau.
7 skref til verndar börnum*

Skírdagur
17
apríl

Leikur!
Hversu mörg börn þekkja þá sem beita barnið ofbeldi?
taktu þátt á [facebook.com/blattafram](https://www.facebook.com/blattafram)

Gerðu áætlun!
Hvert áttu að leita, í hvern áttu að hringja og hvernig áttu að bregðast við.
7 skref til verndar börnum*

Páskadagur
20

Fylgdu grunsemdum eftir, velferð barnsins er í húfi.
7 skref til verndar börnum*

Gera öryggisáætlun!
Sjá á [blattafram.is](https://www.blattafram.is)

Afmæli Blátt áfram
23
apríl

MUNA!
Þann 24. apríl er ókeypis fyrirlestur á netinu fyrir foreldra kl. 20:00.
Skráning á blattafram@blattafram.is




Horfa á teiknimyndina *Leyndarmálið*



Fjörufers

Leikur!
Hvenær er best að byrja að ræða þessi mál?
taktu þátt á [facebook.com/blattafram](https://www.facebook.com/blattafram)



Bústaður

Leikur!
Hvert á að hringja ef þig grunar að barn sé beitt ofbeldi?
taktu þátt á [facebook.com/blattafram](https://www.facebook.com/blattafram)

Verum upplýst - kaupum ljósið

Með því að kaupa ljósið ertu að styrkja forvarnarstarf Blátt áfram



* 7 skref til verndar börnum
Bæklingur sem er hluti af forvarnarstarfi Blátt áfram gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.
Finna má bæklinginn á [blattafram.is](https://www.blattafram.is)

Blátt **10 ARA** áfram

Fræðslan skilar árangri

Auður Sigurðardóttir er námsráðgjafi í Garðaskóla í Garðabæ auk þess að vera kennaramenntuð og hafa starfað sem kennari. Garðaskóli er unglingskóli með vel á fimmta hundrað nemenda á aldrinum 13-16 ára.

Allir starfsmenn Garðaskóla hafa sótt námskeiðið Verndarar barna auk þess sem nemendur skólans fá fræðslu og starfið sem þar hefur verið unnið hefur skilað miklum árangri.

„Við höfum hagað því þannig til að allir nemendur áttunda bekkjar sitja fræðslu frá Blátt áfram á haustönn og höfum haldið því til streitu frá 2007. Reyndar urðum við að fresta fræðslunni í 8. bekk í ár en nemendur munu þó fá hana næsta haust í staðinn. En markmiðið er að halda þessu framvegis áfram í áttunda bekk, því þá höfum við meiri tíma til að vinna með krökkunum úr málum sem mögulega koma upp í kjölfarið. Staðreyndin er nefnilega sú að iðulega hafa mál komið upp á yfirborðið í kjölfar fræðslunnar og við viljum þá geta fylgt þeim eftir strax.“

Hvenær ákvað skólinn að setja sér þetta markmið?

„Það var árið 2007. Ég fór þá á námskeiðið Verndarar barna hjá Blátt áfram og síðan á leiðbeinendanámskeiðið og hef frá árinu 2010 séð um fræðsluna fyrir starfsfólk skólans. Miðað er við að hver starfsmaður sitji námskeiðið a.m.k. einu sinni, en ég hef einnig séð um að halda þessi námskeið fyrir starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar og alla flokkstjóra í unglingsvinnunni á sumrin.“

Var eitthvað sem kom þér á óvart þegar þú fórst fyrst á námskeið hjá Blátt áfram?

„Já, margt. Í námsráðgjöfinni erum við að kljást við allt sem tengist líðan, hegðun og námi unglinga. Það er allt tekið fyrir, frá námstækni til mun alvarlegri mála. Ég er upprunalega kennari en fór svo yfir í námsráðgjöfina og hef starfað sem námsráðgjafi síðastliðin ár. Ég gleymi því aldrei þegar nemandi opnaði fyrst á kynferðisofbeldi við mig í mínu starfi. Ég segi þessa sögu alltaf þegar ég held námskeiðin og ég viðurkenni fúslega að mig langaði að vera veik þennan dag. Mér fannst ég hvorki hafa þekkingu né kjark til að halda málinu áfram. Mér fannst þetta svo óþægilegt, svo erfitt og svo hræðilegt. En sem betur fer tók ég mig saman í andlitinu og leiddi þennan nemandu áfram í gegn um ferlið. Svo í kjölfar þessa máls fór ég á námskeiðið hjá Blátt áfram, fékk fræðslu um hvernig á að bregðast við og varð svo miklu öruggari í starfi við það. Fljótlega eftir að að ég og fleira starfsfólk fórum á þetta námskeið komu fleiri mál inn á borð til okkar og þá varð allt svo miklu fumlausara. Þá vissum við hvað við áttum að gera, hvernig við áttum að bregðast við og málin fóru öll í mjög góðan farveg. Við starfsfólkið getum líka nú orðið talað opinskátt um þetta sem hóp-ur. Þetta er ekki svona mikið feimnismál eins og það var. Ef svona mál kemur inn á borð til okkar í dag, þá tökum við á því og við kunnum það. Við erum fær um að veita nemandanum þann stuðning sem hann þarf

á að halda hér innanhúss á meðan aðrir sjá um eftirleikinn.“

Er almenn samstaða meðal starfsfólks um að þiggja fræðsluna?

„Við heyrum alltaf einhverjar andmælaraddir. En sem betur fer eru þær fáar og þær eru þá frekar af vanþekkingu en einhverju öðru finnst mér. Ég held að stjórnendateymið og við námsráðgjafarnir hugsum fyrst og fremst um að láta börnin alltaf njóta vafans. Við bjóðum upp á þessa fræðslu og við höfum séð það í gegn um árin að hún hefur skilað árangri. Mér finnst líka hræðilegt að hugsa til þess að eflaust hafa verið krakkar í skólanum hjá okkur á árum áður sem hafa ekki opnað á þessi mál og finna enn til vanlíðunar. Við vitum að ef börnunum er komið til hjálpar, þá næst árangur og því fyrr, því betra. Það eru allir með mismunandi skoðanir, það er alveg sama hvernig að málum er staðið. Það er sama hvort við fáum herna Marita-fræðslu, samskiptafræðslu eða aðra fræðslu, það heyrast alltaf gagnrýnisraddir. Það er bara þannig og fólk verður auðvitað að fá að hafa sínar skoðanir. En okkur finnst við, með þessari fræðslu, vera að tryggja að þessar upplýsingar komist til krakkanna vegna þess að við getum því miður ekki treyst því að það sé rætt um þetta heima. Foreldrar eru kannski hræddir við þennan málaflökk. Hann er óþægilegur og einmitt þess vegna hefur hann verið svo mikið feimnismál. Það skiptir máli að hafa aðferðir til að ræða þessi mál og ef þessar

aðferðir geta bjargað einhverjum börnum þá finnst mér mikill sigur unninn.“

Mér finnst ég heyra á þér að þú upplifir á einhvern hátt létti yfir því að vita að þessi mál lendi í góðum farvegi og að hér sé lípurt kerfi hvað þetta varðar.

„Já, við erum afskaplega heppin herna í Garðabænum, við erum með frábært fólk sem vinnur í barnavernd. Þau veita okkur mikinn stuðning þegar svona mál koma upp, taka við keflinu frá okkur og setja málin í þann farveg sem þau eiga að fara. Mér finnst það mikill léttir því að ég sem námsráðgjafi á ekkert að sitja ein með þessi mál. Það er ekki mitt að leysa þau eða rannsaka. Þannig að það er vissulega mikil léttir fyrir okkur að geta vísað málinu áfram og geta treyst því að það lendi í réttum farvegi, en á meðan getum við verið stuðningsaðilar fyrir barnið hér innanhúss.“

Finnst ykkur erfitt að fara eftir viðmiðunum, eins og til dæmis viðmiðinu um að forðast eigi aðstæður þar sem fullorðinn einstaklingur er einn með barni, þegar kemur að námsráðgjöf, sérkennslu og slíku?

„Já, það er það. Mitt starf er þar skýrt dæmi. Eðli málsins samkvæmt get ég ekki alltaf haft opnar dyr vegna þess að á skrifstofunni minni fara fram mikil trúnaðarsamtöl. Ég get því ekki farið algerlega eftir öllum viðmiðum. Starfsfólkið herna hefur alveg rætt þetta vandamál sín á milli, en við sem vinnum einslega með krökkun-



um höfum dyrnar alltaf opnar ef aðstæður leyfa. En sumir vilja ekki einu sinni láta sjá að þeir séu að tala við námsráðgjafa, þannig að þetta getur verið mjög viðkvæmt. Eins er farið með sérkennslu. Það er reyndar lítið um sérkennslu í þessum skóla fyrir einn nemanda í einu, við erum yfirleitt með u.þ.b. fjóra saman, en þegar það er einn í einu, þá er reynt að hafa dyrnar opnar. Kennararnir eru einfaldlega meðvitaðir um þetta. Ég veit að þessu er ekki framfylgt í einu og öllu og stundum er það einfaldlega ekki hægt. Sem dæmi má nefna þegar nemandi sem er með mikla lesblindu þarf að láta lesa fyrir sig þegar hann er að taka próf. Það er bara ekki fræðilegur möguleiki að hafa dyrnar opnar í öllum tilvikum. En við erum samt sem áður meðvituð um að slík tilvik eru undantekningar, hitt er grundvallarregla og það er það sem skiptir máli.

Hefur þú upplifað að starfsólki finnist viðmiðin gera stöðu sína grunsamlega eða jafnvel vera ásakandi?

„Já, sú athugasemd kemur upp á hverju einasta námskeiði: „Vá, það er bara gengið út frá því að allir séu ofbeldismenn.“ En mér finnst frekar að við eigum að hugleiða af hverju við erum yfir höfuð að ræða þetta málefni. Við erum að því vegna þess að vandinn er til staðar. Námskeiðin ganga alls ekki út á að sjá barnaniðing í hverju horni. Það er einfaldlega verið að opna augu fólks. En allt efnið vekur fólk til umhugsunar og það er bara allt í lagi. Ég held að gagnrýnin á við-

„Ég gleymi því aldrei þegar nemandi opnaði fyrst á kynferðisofbeldi við mig í mínu starfi. Ég segi þessa sögu alltaf þegar ég held námskeiðin og ég viðurkenni fúslega að mig langaði að vera veik þennan dag. Mér fannst ég hvorki hafa þekkingu né kjark til að halda málinu áfram.“

miðin komi af því að þetta er svo óþægilegt málefni. En auðvitað er líka hræðsla meðal kennara við rangar ásakanir og ég skil það fullkomlega vegna þess að ég held að það sé eitt það hræðilegasta sem nokkur getur lent í. En þessi mál eru flókin og það verður aldrei auðvelt að fást við þau.“

En hér í Gardaskóla virðist fræðslan um þessi mál vera í mjög góðu horfi og almenn sátt ríkja um fyrirkomulagið.

„Já og ég vil bara hvetja alla skóla til að taka þessa fræðslu inn vegna þess að ef við getum opnað á þó ekki væri nema eitt mál, þá er það mikill sigur. Ég veit

líka að krakkar sem lenda í kynferðisofbeldi burðast með miklar sjálfsásakanir. Bara að fá að heyra að sökin sé engan vegin þeirra og að til séu leiðir til að hjálpa þeim, veitir þeim kjark til þess að stiga fram og segja frá. Ég hef orðið vitni að nemandi opna á kynferðislegt ofbeldi á fræðslufyrirlestri. Það er magnað að upplifa það. Þótt við bara björgum einu og einu barni þá finnst mér það svo mikill sigur. Mig grunar líka að þessi umræða sé ekkert svo mikið inni á heimilum. Ég hef spurt krakka í tíunda bekk hvort þau þori að tala um þessi mál við foreldra sína almennt og það eru mjög fáir sem gera það. Þó svo að við hér innan skólans gerum okkur auðvitað fulla grein fyrir því að við eigum ekki að taka að okkur foreldrahlutverkið, þá vitum við samt að foreldrar eru misjafnir og misvel í stakk búnir til að ræða þetta. Við gætum þess einnig að fagaðilar séu alltaf viðstaddir þegar Blátt áfram kemur, auk þess að skipta krökkunum upp í hópa eftir kynjum. Hér eru tveir námsráðgjafar, deildarstjóri og skólahjúkrunarfræðingur og við reynum alltaf að haga því þannig að einhver þeirra sé viðstaddur fræðsluna.“



Fólk þarf að vakna

Oddur Pétursson hefur setið í stjórn Blátt áfram frá árinu 2006 og fyrirtæki hans, The Body Shop, hefur verið sterkur bakhjarl samtakanna allan þennan tíma. Hér lítur Oddur yfir farinn veg sem stjórnarmaður í Blátt áfram.

Oddur tengist samtökunum í gegnum sambýliskonu sína sem er vinkona Sigu og Svövu til margra ára.

„Þær leituðu til mín um fjárhagsstuðning þegar Blátt áfram var að verða að sjálfstæðum félagasamtökum, þar sem þær vissu að ég var að reka fyrirtæki. Við ákváðum að láta slag standa og styðja við bakið á þeim. Fyrsta stóra átakið okkar var að fleyta öndum niður Elliðaárnar. Þar gátu krakkar verið að veiða endurnar og það voru vinningar á sumum þeirra. Þetta var mjög skemmtilegur dagur og tókst í alla staði mjög vel. Þetta varð til þess að gera þessi félagasamtök sýnileg því þetta vakti athygli og fékk umfjöllun í fjölmiðlum. Fljótlega upp úr þessu var ég spurður hvort ég væri reiðubúinn að taka sæti í stjórn Blátt áfram sem ég samþykkti strax og hef setið í stjórninni síðan.

Síðan get ég nefnt rokkóperuna Tommy sem hljómsveitin Who gerði einu sinni og fjallar einmitt um kynferðislega misnotkun. Það var gerð bíómynd eftir þessari rokkóperu með mörgum frægum söngvurum

eins og Elton John og Tinu Turner og var sýnd í Tónabíó á sínum tíma. Þar sem ég er einlægur aðdáandi þessarar hljómsveitar fór ég að sjálfsgöðu að sjá myndina, sem hafði mikill áhrif á mig. Ég man alltaf eftir því þegar það rann upp fyrir mér hvað þetta var sjúkt ástand sem myndin varpaði ljósi á. Minningin um þessa mynd hefur því alltaf fylgt mér og það getur vel verið að þar með hafi einhverju fræi verið plantað varðandi þessa hugsjón mína.

Kallar eftir meiri meðvitund um samfélagsmál

En svo má líka segja að í gegnum starfið fyrir The Body Shop hafi ég orðið æ meðvitaðri um hvað fyrirtæki geta gert mikið til að styðja við samfélagsleg málefni. The Body Shop er fyrirtæki sem styrkir og styður við ýmis samfélagsverkefni, bæði með peningaframlögum og vinnuframlagi og axlar þannig samfélagslega ábyrgð. Bæði er móðurfyrirtækið búið að veita milli fjórum og fimm milljörðum íslenskra króna til slíkra

verkefna í samfélögum sem minna mega sín og einnig velja dótturfyrirtækin í hverju landi fyrir sig verkefni til að styðja við í sinni heimabyggð. Ég hef verið í fyrirtækjarekstri í 35 ár og sé það alltaf betur og betur að það er ótrúlegt hvað lítið fyrirtæki eins og okkar getur gert til að leggja samfélagsverkefnum lið. Ég kalla því eftir miklu meiri meðvitund frá fyrirtækjum um samfélagsmál. Það þarf ekki endilega að leggja fram stuðning í formi mikilla fjármuna, það getur alveg eins verið með vinnuframlagi. Það er vel hægt að bjóða fram starfsmann til að innna af hendi vinnu til að styðja við samfélagslegt verkefni t.d. í tvo klukkutíma í senn einu sinni í viku þegar lítið er að gera hjá einhverjum þeirra. Það segir sig þar af leiðandi sjálf að það eru til fjölmörg stærri fyrirtæki sem ættu að hafa efni á að styðja í meira mæli við samfélagsverkefni. Það eru mörg samtök sem standa að mörgum verðugum verkefnum og ég held að fyrirtæki gætu lagt milu meira af mörkum en almennt er gert í dag.“

Blátt áfram hefur lagt áherslu á fræðslu sem hentar öllum aldursþópum, allt frá yngstu börnunum og upp í unglínga, auk fræðslu fyrir fullorðna. Hvernig hefur þér fundist fræðslustarfið ganga?

„Hugmyndin var strax í upphafi að fræða sem flesta vegna þess að það eru náttúrulega forvarnir sem málaflökkurinn snýst um, að reyna að fyrirbyggja ofbeldisbrot af þessu tagi. Líklega tekst okkur aldrei að koma al-

veg í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum en með fræðslu getum við komist ótrúlega langt held ég. Okkur finnst sjálfsgagt þegar við sendum barnið á íþróttæfingu að minna það á t.d. legghlifarnar af því við viljum ekki að þau meiddi sig. Eins setjum við lokur á skápana ef þar eru t.d. geymd eiturfefni. Svona forvarnir eru orðnar sjálfsgaðar í okkar lífi og öllum þykir sjálfsgagt að ræða þær við börnin. En þegar kemur að óþægilegum umræðuefnum eins og kynferðislegt ofbeldi er, þá hafa foreldrar oft ekki neinar aðferðir og kunna ekki að hefja þessa umræðu við börnin. Forvarnarstarfið þarf þó að vera að stærstum hluta á ábyrgð foreldranna og það skiptir máli að þeir geti talað opin-skátt um forvarnir við börnin sín. En þetta er viðkvæmt málefni og oft rosalega erfitt fyrir foreldra að nálgast þetta. Þess vegna höfum við fyrst og fremst lagt áherslu á fræðslu fyrir foreldra og fullorðna en einnig búið upp á fræðslu fyrir börn og unglínga.“

Byrjaði fræðslustarfið samhliða stofnun samtakanna?

„Við byrjuðum á að senda bæklinginn „7 skref til verndar börnum“ á öll heimili í landinu. Í kjölfarið fengum við fyrirspurnir um fræðslu frá skólum og foreldrafélögum. Starfið hefur því verið að þróast hægt og bitandi í markvissari fræðslu fyrir foreldra og börn. Á hverju ári eru þetta nú orðnar þúsundir manna sem fá fræðslu í gegnum nokkra kanala sem Blátt áfram hefur haldið utan um.“



Hvernig komuð þið fræðslunni á framfæri?
„Skólarnir eru að sjálfsgöðu vettvangur til þess að bjóða upp á námskeið fyrir kennara. Ungdómurinn er jú allur þar. En svo hefur þetta smám saman færst meira út í samfélagið, hvort sem um er að ræða íþróttafélög eða aðrar stofnanir sem snerta börn, allt tómstundastarf og alla þá aðila sem standa starfs síns vegna að börnum. Þetta net þarf að vera alls staðar af því börnin okkar eru það dýrmætasta sem við eigum. Þrátt fyrir að við séum tilbúin til þess að vernda börn og fórn okkur fyrir þau í mörgu samhengi, þá hafa þessi málefni einhvern veginn orðið eftir í þögninni. Ísland er ekkert einsdæmi hvað það varðar, en ég veit reyndar að hér hafa orðið miklar framfarir á undanförunum árum, m.a. með tilkomu Blátt áfram. Umræðan hefur opnast alveg gifurlega mikið hér á landi á síðastliðnum árum og sem betur fer vegna þess að skaðsemin af kynferðisbrotum er gríðarleg. Stór hluti þeirra sem lendir í þessu segir aldrei frá, getur aldrei opnað á þetta við nokkurn mann allt sitt líf. Sálín er alltaf í krumpi og veldur viðkomandi endalausum tjóni. Fullorðið fólk og foreldrar verða að taka fulla ábyrgð ef barn leitar til þeirra með þessi mál.“

Auglýsingaherferðir Blátt áfram hafa vakið mikið umtal, verið róttækar og gengið fram af mörgum. Forsvarsmenn samtakanna hafa jafnvel þurft að mæta í viðtöl við fjölmiðla til að svara fyrir þær. Hver eru þín viðbrögð við því?

„Ég hef verið í fyrirtækjarekstri í 35 ár og sé það alltaf betur og betur að það er ótrúlegt hvað lítið fyrirtæki eins og okkar getur gert til að leggja samfélagsverkefnum lið.“

„Sjálfur upplifi ég þær hvorki róttækar né sjokkerandi. Málið er bara að það hefur ríkt svo mikil þögn um kynferðisofbeldi, svo það er kannski skiljanlegt að fólki bregði og finnist þetta óþægilegt þegar þetta skellur svona á því. Þegar það er sjaldan talað um forvarnir gegn kynferðisofbeldi á heimilum og fjölskyldan situr fyrir framan sjónvarpið þegar auglýsing frá okkur birtist þá hrökkva sumir við. En ég myndi segja að það væri einmitt tækifæri fyrir foreldrana til þess að opna þessa umræðu á heimilinu og útskýra fyrir börnunum um hvað þetta snýst. Útskýra fyrir þeim hvað er leyfilegt og hvað er eðlilegt og að sama skapi hvað er óeðlilegt. En það þarf oft að ganga fram með róttækum hætti til að fólk vakni og sérstaklega varðandi þessi málefni. Það þarf líka að vera stöðug áminning í gangi vegna þess að ofbeldi stoppar ekkert, eins og við sjáum og heyrum í fréttum trekk í trekk. Fyrir svo utan öll þau dæmi um að börn og ungmenni stígi fram í kjölfar opinnar umræðu, hvort sem það eru auglýsingar frá Blátt áfram eða önnur umræða sem verður þess valdandi. Það hefur margítrekað gerst í okkar starfi að eftir fræðslu í skólum og fleiri stöðum, jafnvel í kjölfar auglýsingaherferðanna, að börn hafa stigið fram og látið vita. Eftir allt saman hlýtur það að skipta meira máli en sjokkið sem samfélagið verður fyrir þegar það sér sumar auglýsingarnar okkar. Það að einstaklingur geti stigið fram óttalaust, hafi faðm í kringum sig, sérstaklega inni á heimilinu og

ad þar séu eyru sem heyra skiptir öllu máli. Við erum oft með bómull í eyrunum þegar eitthvað svona óþægilegt kemur upp, viljum ekki heyra og viljum ekki trúa vegna þess að oft er gerandinn einhver sem við þekkjum. Í langflestum tilfellum er þetta einhver sem er tengdur fjölskyldunni ef ekki hreinlega einhver innan fjölskyldunnar. Það er bæði vont og óþægilegt að heyra það og mörgum finnst sárt og erfitt að fylgja slíkum málum eftir. En með svona opinni umræðu fá foreldrar vonandi verkfæri í hendurnar til þess að takast á við málin. Í dag eru líka mörg úrræði til staðar sem ekki voru fyrir örfáum árum, bara t.d. símanúmer til að geta hringt í og fá ráðgjöf. Það er alveg ótrúlegt hve mikið hefur breyst á fáum árum, sem er auðvitað gott, að samfélagið gangist við því að svona lagað á sér stað. Þetta er ekki jafnmikið leyndarmál og það var.“

Heldurðu að það sé að einhverju leyti vegið að því að traust geti myndast milli einstaklinga með því að ganga svona fram? Er e.t.v. verið að ala á ótta og vantrausti?

„Nei alls ekki. Fræðsla getur ekki orðið til að ala á vantrausti. Við viljum fyrst og fremst veita fræðslu. Ég held að það sé alla vega betra að fleiri mál en færri séu tilkynnt og að einhver þeirra verði þá felld niður, heldur



VIDTAL



en að bregðast ekki við. Ég sem foreldri vil alltaf vera viss um að ekkert athugasvert sé í gangi. Með því t.d. að fara inn á heimasíðu Blátt áfram er hægt að fá ótrúlega miklar upplýsingar um hvernig hægt er að bregðast við.

Netið er síðan orðin ný hætta sem ekki var til fyrir nokkrum árum. Þeir sem ætla sér að fremja afbrot gagnvart börnum leita allra leiða til þess að ná fram vilja sínum. Blátt áfram hefur að vísu ekki tekið þessa hættu sérstaklega fyrir í sinni fræðslu þar sem aðrir aðilar hafa gert það, en við bendum á ýmislegt sem foreldrar geta gert til að fylgjast með netnotkun barna sinna. Ég held að vert sé að fylgjast með öllum slíkum ráðleggingum, það hafa margir hópar í þjóðfélaginu varað við þessu undanfarið og minnt foreldra á að fylgjast vel með því hvað börn þeirra eru að gera í tölvunni. Við erum oft of værukær og gerum e.t.v. ekki ráð fyrir því að börnum okkar stafi hætta af netinu en þróunin hefur sýnt okkur annað. Þetta er ekkert nýtt, þetta á sér stað með hverri kynslóð því yngri kynslóðin lagar sig auðvitað alltaf hraðar að sínum samtíma.“

Hver finnst þér vera helsti árangur af starfi samtakanna?

„Árangurinn er sá að hver sem fær fræðslu hefur a.m.k. vitneskju um hvað forvarnir eru og hvert á að leita eftir aðstoð. Börnin læra orð yfir einkastaðina. Þessi orð voru ekki einu sinni nefnd þegar ég var að alast upp. Orðið kynferðisofbeldi var ekki einu sinni orð sem ég þekkti sem barn. Ég held að bara með því

stutt vel við bakið á okkur og svo höfum við verið með árlega landsöfnun með sölu bláa ljóssins og allt hefur þetta fleytt okkur þangað sem við erum komin. Síðan höfum við nátt-

ekki orðið til annars en að hjálpa málaflokkn- um mjög mikið. Almennur verður auðvitað meira var við ofbeldi nú á dögum vegna þess að áður fyrr var umræðan nánast engin.

„Það hefur margítrekað gerst í okkar starfi að eftir fræðslu í skólum og fleiri stöðum, jafnvel í kjölfar auglýsingaherferðanna, að börn hafa stigið fram og látið vita. Eftir allt saman hlýtur það að skipta meira máli en sjokkið sem samfélagið verður fyrir þegar það sér sumar auglýsingarnar okkar.“

mjög stórt vandamál. Það mætti e.t.v. frekar segja að það sé alveg með ólíkindum að ekki sé tekið miklu betur og fastar á þessu vandamáli, t.d. með því að setja lög um að fræðsla fyrir börn um þessi mál fari fram í grunnskólum og ekki bara einu sinni heldur væri stöðug fræðsla í gangi öll grunnskólaárin, löguð að hverjum aldurshópi. Eins og staðan er í dag er hún á ábyrgð hvers skóla fyrir sig. Þetta finnst mér líka eiga við um fleiri málaflokka en kynferðisofbeldi, alveg eins um fíkniefnamál, umhverfismál og fleira. Við erum nefnilega oft meðvitundarlaus þegar kemur að okkur sjálfum. Við bönnum börnunum að henda rusli úti á víðavangi en gerum það svo sjálf í hugsunarleysi. Fullorðnir verða að sýna börnum gott fordæmi, bæði í orði og á borði.“

Finnst þér starfið með Blátt áfram hafa fært þér dýpri skilning eða haft bætandi áhrif á þig sem föður og þjóðfélagsþegn?

„Alveg tvímælalaust. Bara með því að vera meðvitaðri um það sem snýr að kynferðisofbeldi opnar nýja sýn á marga hluti. Ýmislegt sem mér þótti áður í lagi finnst mér ekki vera það lengur. Vonandi eykur öll fræðsla víðsýni. Sjálfum hefur mér svo sem aldrei þótt erfitt að ræða þessi mál við mín börn, en mörgum finnst það og þá er sjálfsgagt að sækja sér fræðslu. Sonur minn og hans félagar sem æfa saman knattspyrnu hafa tekið þátt í því að selja bláa ljósið og við það eitt t.d. að leiðbeina þeim um sölu, hvernig þeir eigi að kynna hana fyrir fólki o.s.frv. er hægt að taka fyrsta litla skrefið til útskýra fyrir þeim um



að kenna börnum að nefna hlutina, þá fái þau aðferðir til að segja frá ef til þess kemur.

Þegar börn leika sér saman er eðlilegt að þau fari t.d. í „læknisleik“ sem getur auðveldlega farið úr böndum. Kynferðisofbeldi getur átt sér stað þar þegar farið er yfir mörk barna af hálfu jafnaldrar þeirra. Með fræðslunni viljum við líka útskýra fyrir börnum að þau megi ekki fara yfir mörk hvers annars, þar sem 37% mála sem enda í Barnahúsi eru á milli tveggja ólögráða einstaklinga.

Þá held ég tvímælalaust að það hafi orðið mikil viðhorfsbreyting í þjóðfélaginu, meðal annars fyrir tilstuðlan Blátt áfram. Okkur hefur tekist að koma ótrúlega miklu í verk fyrir ótrúlega lítið fjármagn. Við höfum rekið samtökin með einum starfsmanni að meðaltali og höfum fengið styrki bæði frá fyrirtækjum og einstaklingum. Einstaklingar hafa

úrúlega sótt styrki til hins opinbera en ég held að hver króna sem ríkið ver í þetta forvarnarsarf, sem og önnur, verði til þess að miklir fjármunir sparist í framtíðinni. Það er þjóðhagslegt mál að skila heilum einstaklingum út í samfélagið.“

Nú er oft rætt um að tölfræði á heimsvísu sýni að glæpum sé almennt að fækka en umfjöllunin í fjölmiðlum um þá glæpi sem eru framdir aftur á móti mikil sem verði til þess almennings haldi að glæpum fjölgi ár frá ári. Heldurðu að mikil umræða gagnist málafloknum beint eða heldurðu að einhver hætta geti myndast með of mikilli umfjöllun, t.d. að hún geti varpað upp ýktri mynd af raunveruleikanum eða að vandamálið virðist stærra en það er?

„Ég tel náttúrulega að opin umræða geti

þar af leiðandi héldu e.t.v. margir að þetta væri ekki til. Umræðan og opnunin á þennan málaflokk hefur auðvitað gert það að verkum að fjölmiðlar taka málin upp þegar þau koma. Þegar mikil umfjöllun síðan dynur á okkur fyllumst við hryllingi og missum næstum því trú á mannkynið en við verðum að horfast óhrædd í augu við þá staðreynd sem við lifum við. Íslenskar rannsóknir sýna að hér á landi verður ein af hverjum fimm stúlkum og einn af hverjum tíu drengjum fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. Mögulega eru tilvikin fleiri því saga akademískra rannsókna í þessum málaflokki er ekki löng. En núna eru rannsóknir í gangi og fleiri niðurstöður eiga eftir að koma í ljós á næstu örfáu árum, sem munu hjálpa okkur að fá raunsærri mynd af því hver staðan er. Á meðan 17-20% einstaklinga lenda í þessu, þá er þetta náttúrulega

hvað ofbeldi snýst. Þetta gerir þá meðvitaða strax á unga aldri. Þannig að með því að virkja aðila eins og íþróttafélög til þessa starfs, þá nýtur íþróttafélagið góðs af sölulauninum, Blátt áfram nýtur góðs af söluinni sjálfri og ungmennin sem taka þátt í að selja fá ákveðna grunnfræðslu um málefnið í leiðinni. Foreldrar hafa síðan margir hverjir tekið þátt í þessu með ungmennunum, þannig að það að leggja málefnið lið með þessum hætti getur orðið til að veita þátttakendum grunnfræðslu, opna umræðu milli foreldra og barna og allir njóta góðs af.“



Eg varð að gera eitthvað

breyta einhverju eða hafa einhver áhrif

Hafdís Hafsteinsdóttir gekk 18 ára gömul á fund Siggú hjá Blátt áfram og vildi leggja málefnið lið. Upp úr því fór hugmyndavinna í gang um hvernig hægt væri að styrkja samtökin sem varð til þess að ákveðið var að hefja árlega fjársöfnun Blátt áfram, sölu bláa ljóssins.

Hafdís var í framhaldsskóla þegar hún setti sig í samband við Blátt áfram en stundar í dag viðskiptafræðinám við Háskólann á Bifröst. Hún býr þessa stundina á Spáni ásamt eiginmanni sínum, Herði Axel Vilhjálmssyni, körfuboltamanni. Aðspurð um aðdraganda þess að hugmyndin kviknaði segir hún einfaldlega að hún hafi einn góðan veðurdag fengið óstjórnlega löngun til að láta gott af sér leiða þegar hún sat við eldhúsborðið og spjallaði við kærasta sinn og núverandi eiginmann um lífið og tilveruna.

„Ég fæ stundum þessa tilfinningu, að ég verði að gera eitthvað, breyta einhverju eða hafa einhver áhrif. Ég fór að hugleiða hvað ég gæti mögulega gert og þessi málaflokkur stendur mér nærri vegna þess að ég varð fyrir kynferðislegri misnotkun sem barn. Ég var ekki nema 13 ára þegar ég sagði

mömmu minni frá því. Þegar þetta var voru því liðin fimm ár síðan og ég búin að vinna mikið í mínum málum svo ég var óhrædd við að ræða þetta. Ég byrjaði á því að leita á netinu að þeim aðilum sem væru að vinna í þessu og átta mig þá á því að þeir eru ekkert margir. En ég fann Blátt áfram og sé að það eru virk samtök sem ætla sér að fara lengra með þessi mál.

Áhrifaríkt, einfalt og segir allt sem segja þarf

Ég er mjög hvatvís og þarf alltaf að gera allt strax svo ég ákvað senda Siggú tölvupóst með hugmyndum sem ég fékk í þessu spjalli okkar Harðar. Henni leist mjög vel á þær og vildi endilega fá að hitta mig. Boltinn rúllaði síðan mjög hratt af stað, Sigga tók mér mjög vel og við höldum áfram að kasta á milli

okkar hugmyndum um hvað við gætum gert til að vekja meiri athygli á þessum málstað. Það sem mig langaði fyrst og fremst að gera var að ná fram vitundarvakningu í samfélaginu en hugmyndirnar snerust líka um að reyna að styrkja samtökin. Það er margt frábært fólk sem situr í stjórn og stendur að Blátt áfram og fljótlega var það komið með okkur í þessa hugmyndavinnu. Eftir það fóru hlutirnir að gerast mjög hratt. Við ákváðum að koma átaki í gang sem miðaði að því að upplýsa land og þjóð. Á endanum varð svo niðurstaðan að ljósið væri besti möguleikinn til að fylgja eftir slagorðinu „Vertu upplýstur“. Okkur fannst það mjög áhrifaríkt, það er einfalt og segir allt sem segja þarf. Með þessu náðum við báðum markmiðunum, að styrkja Blátt áfram með ágóða árlegrar sölu og minna þá sem fá ljósið í hendurnar á málefnið. Í ár er það selt í sjötta skipti og salan hefur frá

upphafi gengið vonum fram. Mér þykir mjög vænt um þetta verkefni og það var virkilega gaman að vinna í því. Þetta var mikil vinna en var fljót að skila árangri, ég hafði samband við Siggú í október árið 2008 og við vorum komnar með fyrsta bláa ljósið í hendurnar í apríl árið 2009.“

Hefurðu tekið einhvern frekari þátt í starfi Blátt áfram?

„Ég bý erlendis núna, en reyni samt að leggja starfi Blátt áfram lið þegar ég get. Ég fór í viðtal bæði við Víkuna og Víkurfréttir í kringum sölu bláa ljóssins árið 2011. Ég hef líka setið námskeiðið Verndarar barna sem mér fannst frábært. En mig langar að gera meira og ég ætla mér að vinna meira í þessum málaflokki. Það hefur mjög margt breyst frá því Blátt áfram var stofnað fyrir 10 árum. Ég var þá 14 ára og nýbúin að stíga fram með mitt mál en ég fann alveg



hvað þetta var lokað. Ég fékk enga fræðslu um þessi mál í skóla. Eina reglan sem ég man eftir að hafa heyrt var að fara aldrei upp í bíl með ókunnugum. Það er samt minnsta hættan sem steðjar að börnum í dag, þótt vissulega sé sjálfsagt að vara þau við henni. Það er talað um að í 93% tilvika sé gerandinn einhver sem þekkir barnið þannig að það eru þá ekki nema 7% gerenda sem eru einhverjir ókunnugir og enn lægra hlutfall sem lokkar börn upp í bíl hjá sér. Það skiptir því miklu meira máli að skoða nærumhverfi sitt. Þess vegna er þetta svo erfitt, það er mjög erfitt að skoða fjölskylduna sína og hugleiða hvort eitthvað misjafnt geti verið í gangi þar. Í mínu tilvikinu var um að ræða mann innan fjölskyldunnar. Ég var svo heppin að foreldrar mínir og systkini stóðu alfarið með mér þegar ég steig fram og brugðust hárrétt við. Þetta mál fór strax alla leið til lögreglu. Við leituðum síðan til Barnahúss og þar með var málið komið í farveg. Ég fékk alla þá aðstoð sem var í boði og gat byggt mig upp með hjálp fagfólks og stuðningi foreldra minna og systkina sem stóðu alltaf með mér.“

Loksins getum við fellt gleðitár

„En þetta var eitthvað sem foreldra mína grunaði aldrei. Það er óskaplega erfitt fyrir fjölskyldur að vinna úr svona málum. Þetta er ekki bara áfall fyrir þolandann, heldur fyrir alla fjölskylduna. Það fylgir þessu mikil sorg og oft verður sundrung. Maðurinn sem braut á mér er enn hluti af fjölskyldunni, því miður, en ég get engu breytt um það. Og það er ekkert bara ég sem er að syrgja, það er ekkert bara ég sem á erfitt. Ég held að það sé mjög mikilvægt að allir sem standa að þolandanum leiti sér aðstoðar, sérstaklega ef málið veldur sundrung innan fjölskyldunnar og eykur þannig álagið. Það tók mig tíma að átta mig á og sætta mig við að þetta hyrfi ekki úr lífi mínu, þetta verður alltaf hluti af mér og sérstaklega vegna þess að þetta er innan fjölskyldunnar.“

En ég varð ákveðin í að nota þessa reynslu mína til góðs og ég held að fyrsta skrefið í þá átt hafi verið að taka þátt í því að koma af stað átakinu „Verum upplýst“ með sölu bláa ljóssins. Systir mín sagði þegar ég var komin með bláa ljósið í hendurnar: Við erum búin

„Fyrstu viðbrögð skipta öllu máli. Það má bjarga svo miklu með því að bregðast rétt við.“

að fella alltof mörg sorgartár út af þessu máli og loksins í dag getum við fellt gleðitár.“

Það er greinilegt af því að tala við Hafðísi

að hægt er að vinna vel úr erfiðri reynslu og standa uppi sem heilbrigð manneskja. Hún segir það vera fjölskyldu sinni að þakka, einmitt vegna þess að þau brugðust rétt við.

„Fyrstu viðbrögð skipta öllu máli. Það má bjarga svo miklu með því að bregðast rétt við. Ég get ekki ímyndað mér hvernig hefði farið fyrir mér ef mér hefði ekki verið trúað eða málið hefði ekki verið sett í réttan farveg. En ég vil líka koma því á framfæri að mér finnst skipta miklu máli að fullorðnir gæti þess hvernig þeir tala þegar stór kynferðisafbrotamál koma upp. Það má ekki segja að það ætti að drepa gerendurna, loka þá inni og henda lykklunum og allt þetta sem hefur verið sagt fyrir opnum tjöldum, af því það eru alltaf börn að hlusta. Ég efast um að börn vilji trúá okkur fyrir sínum málum ef þau heyra að það ætti að drepa manninn fyrir það sem hann gerði. Það er nógu erfitt fyrir að fara upp á móti fjölskyldunni og segja frá því að hafa verið beittur ofbeldi af einhverjum innan hennar og það má ekki gera það enn erfiðara.“



Varð fyrir hugljómum

við að sækja námskeiðið Verndarar barna

Valgerður Snæland Jónsdóttir hefur komið að grunnskólakennslu frá flestum hliðum ef ekki öllum. Hún er kennari að mennt, BA í sérkennslufræðum, M.Phil. í skólanámskrárgerð og menntastjórnun frá University of Northumbria og starfar í dag sem Davis-lesblinduráðgjafi, náms- og starfsráðgjafi og dáleislutæknir.

Valgerður sótti námskeiðið Verndarar barna árið 2005. Hún var skólastjóri Smáskóla á þeim tíma og ákvað í kjölfar námskeiðsins að veita öllum árgöngum skólans fræðsluna frá Blátt áfram. Nemendur í 1.-6. bekk fengu brúðuleikhúsfraeðslu Blátt áfram og nemendur 7.-10. bekkjar fengu lífsleiknifraeðsluna. „Ég fór á námskeiðið að eigin frumkvæði til að kynna mér þetta vegna þess að ég hafði lesið það efni sem Blátt áfram hafði sent út og mér fannst það mjög áhugavert, einmitt fyrir

Blátt áfram fyrir öll börnin í skólanum. Hugsun mín var sú að í fyrstu umferð fengju allir árgangar fræðsluna og næstu ár á eftir heldi starfið áfram með því að valdir árgangar fengju hana.

Inn í þessa vinnu í skólanum komu hjúkrunarfræðingur, félagsráðgjafi og sálfræðingur skólans auk þess sem allir umsjónarkennarar voru viðstaddir fræðsluna.

Fræðslan fyrir 1.-6. bekk var í formi brúðuleikhúss. Mér fannst mjög mögnuð upplifun að fylgjast með sýningunni og viðbrögðum barnanna við henni. Ég fæ bara tár í augun þegar

Var samstaða meðal kennara um að fá fræðsluna inn og samstarfsvilji?

„Já, um þetta var algjör samstaða, allir voru mjög jákvæðir og fúsir að leggja sig fram til þess að allt gengi sem best fyrir sig. Ég man ekki eftir að hafa heyrt neinar efasemdarraddir. Það sem gerði gæfumuinninn var að ég hafði sjálf sótt námskeiðið áður en við tókum verkefnið inn í skólann, svo ég gat auðveldlega upplýst kennara og aðra starfsmenn skólans um það hvað



það hvað það var blátt áfram og fræðandi. Ég sá strax að verið var að bjóða upp á nýja nálgun á þetta viðkvæma efni sem kynferðisofbeldi er og gæti styrkt okkur í skólanum. Á þeim tíma fannst mér við ekki vita nægilega vel hvernig við ættum að taka á þessum málum, við þekktum ekki einkennin og vissum ekki hvernig við ættum að spyrja börnin. Samt sem áður hvíldi sú skylda á okkur, eins og öðrum þjóðfélagsþegnum, að tilkynna til barnaverndarnefndar ef við yrðum einhvers vís í þessum efnum. Ég upplifði okkur oft í mjög flókinni stöðu í skólanum. Málin höfðu þróast þannig að við tilkynntum aldrei vegna óþægilegra eftirmála. Við erum náttúrulega trúnaðarmenn foreldra jafnt sem barna og svo var undir ákveðnum kringumstæðum ætlast til þess að við tilkynntum jafnvel framhjá foreldrunum ef okkur grunaði eitthvað misjafnt. Mér fannst þetta á þeim tíma mjög flókin staða og held að fleiri kennurum hafi fundist það. Svo vildum við alls ekki gera úlfalda úr mýflugu og sist af öllu búa eitthvað til eða vera leiðandi í tali við börnin. Þetta er klípa sem ég held jafnvel að skólar séu í enn í dag. Þannig að ég varð fyrir hálfgerðri hugljómum þegar ég sótti námskeiðið Verndarar barna og lærði þar einfaldar og blátt áfram aðferðir til þess að nálgast þetta. Bara til dæmis hvernig kennt var að spyrja börnin án þess að vera leiðandi en samt þannig að þeim er gefið tækifæri til að segja frá. Það sem mér finnst standa upp úr námskeiðinu Verndarar barna er þessi einstaki einfaldleiki, þetta er allt kynnt á svo einfaldan hátt og er svo blátt áfram.“

En svo ákvaðstu að taka fræðsluna inn fyrir nemendur Smáskóla. Hvernig gekk það fyrir sig?

„Fyrsta árið sem við réðumst í þetta fengum við fræðslu frá

ég rifja þetta upp. Það sem mér fannst svo ótrúlegt voru spurningar barnanna í umræðunum sem voru að leikþættinum loknum. Þær sögðu nákvæmlega hvað var að gerast í þeirra lífi. Ég ætlaði ekki að trúa því að sýningin hefði þessi áhrif. Skólahjúkrunarfræðingur eða annar fagaðili var alltaf viðstaddur, skrifaði hjá sér spurningar barnanna og fór síðan með þær í sína vinnu með þeim í framhaldinu.“

Fannst börnunum þetta eitthvað óþægilegt?

„Þetta var allt meðhöndlað þannig að þeim fannst þetta ekkert óþægilegt. Eitt af því sem var svo fráþætt við þessa fræðslu og kom mér verulega á óvart var hvernig sýningin náði algjörlega athygli allra barnanna. Börnin fylgdust með af miklum áhuga og forvitni. Eldri krakkarnir í 7.-10. bekk fengu svo lífsleiknínámskeið Blátt áfram og þau báru líka mikla virðingu fyrir því.“

Hvernig var svo tekið á málum sem komu upp í tengslum við spurningar barnanna?

„Ég fylgdist ekki með því í smáatriðum því þar tóku viðkomandi fagaðilar við, ýmist hjúkrunarfræðingur, félagsráðgjafi eða sálfræðingur. Það var í samræmi við vinnureglurnar að kennararnir sjá ekki um að fylgja málinu eftir og alls ekki ég sem skólastjóri. Ég tel það mjög mikilvægt í allri svona vinnu að hver og einn geri sér grein fyrir sínu hlutverki. Það getur auðveldlega eitthvað misfarist í viðkvæmum málum sem þessum og mikilvægt að höndla þau af virðingu og ábyrgð. Mitt hlutverk sem skólastjórnanda var einungis að koma fræðslunni inn í skólann, sjá til þess að starfsmenn tækju virkan þátt í verkefninu og tryggja að málum væri fylgt eftir.“

fælist í verkefninu. Mér fannst mjög gott að gera þetta í þessari röð.“

Finnst þér þörfin fyrir fræðsluna hafa verið bryn?

„Já. Á mínum 35 ára skóla- og kennsluferli hafði ég aldrei fengið neinar hagnýtar leiðbeiningar um hvernig ætti að taka á misnotkun barna innan skólans. Ég held að það hafi haft áhrif á hvað ég var ákveðin í að sækja námskeiðið Verndarar barna. Þetta námskeið var fyrsta markvissa fræðsla sem ég fékk á þessu sviði. Ég hafði alltaf upplifað einhverja togstreitu í sambandi við að tilkynna mál. Það var eins og við hefðum gefist upp á því vegna erfiðrar reynslu í tengslum við að tilkynna mál til félagsmálayfirvalda. Ég var líka sjálf mjög hikandi sem var auðvitað alls ekki nógu gott vegna þess að við berum öll samfélagslega ábyrgð. En þess vegna var svo áhrifamikil og sterkt að fá þetta einstaka fræðsluefni í skólann þar sem fagfólkið okkar var allt saman komið, tók virkan þátt og fylgdi málum eftir. Svo hefur verið einstakt að geta leitað áfram til Blátt áfram með spurningar, hvort sem er um efni fræðslunnar eða almenna ráðgjöf.“

Í dag er ég hætt störfum sem skólastjóri og starfa aðallega sem Davis-lesblinduráðgjafi. Til mín leitar fólk á öllum aldri og hef hugmyndafræði Blátt áfram með mér inn í starfið mitt, einkum þegar ég starfa með börnum og unglingum. Foreldrar eru alltaf viðstaddir og fylgjast því með því sem sagt er og gert.

Aðstandendur Blátt áfram hafa síðar leiðbeint eldri skjólstæðingum mínum um hvernig þeir eiga að tilkynna misnotkun. Það er mjög gott að leita til þeirra enda alltaf með svör á reiðum höndum.“



Forvarnir gegn kynferðisofbeldi eru einfaldlega orðinn hluti af starfsemi HK

Birgir Bjarnason er framkvæmdastjóri Íþróttafélagsins HK sem gengið hefur fram með mjög afdráttarlausum hætti hvað varðar forvarnir gegn kynferðisofbeldi.

Þær verklagsbreytingar sem gerðar voru hjá HK felast meðal annars í því að allir þjálfarar félagsins þurfa að sitja námskeiðið Verndarar barna. Þar að auki hefur HK sett sér almennar siðareglur.

„HK er stórt íþróttafélag með 2000 iðkendur. Af þeim eru ríflega 1900 börn yngri en átján ára þannig að við gegnum miklu ábyrgðarhlutverki. Tilgangur og markmið félagsins er að sem flest börn stundi íþróttir sem lið í að efla þau og styrkja og svo auðvitað forvarnarhlutverkið sem í því felst. Við reynum að vinna faglega á öllum sviðum, hvort sem varðar rekstrarmál eða aðra starfsemi félagsins. Flestir ef ekki allir okkar þjálfarar eru íþróttamenntaðir. Við förum í ákveðið ferli í kringum skráningar og ráðningar til að tryggja sem mest gæði á hverjum tíma. Það sem snýr að Blátt áfram af okkar hálfu er einlægt þakklæti til Siggu fyrir alla þá aðstoð sem hún veitti okkur í kringum tilfelli sem kom hér upp árið 2008 þar sem grunur var um ofbeldi af einhverju tagi. Það var haft samband við okkur formanninn vegna málsins og við bara litum hvor á annan og stóðum gjör-samlega ráðalausir. Við vorum þá með 1600 iðkendur, vissum ekkert hvað við áttum að gera í málinu og við gátum ekki lifað með það. Við sáum strax að við urðum að bregðast við. Svo við höfðum samband við Blátt áfram sem leiddi okkur gegnum ferlið auk fleiri aðila. Málið var rannsakað og leitt til lykta. Rannsóknin leiddi í ljós að ekki var um kynferðislegt ofbeldi að ræða heldur andlegt ofbeldi. Við vonum að það hafi ekki orðið neinum til varanlegs skaða, en við vitum það náttúrulega aldrei.

HK var fyrsta íþróttafélag til að setja og gefa út almennar siðareglur

En við gerðum það sem við gátum, við brugðumt við og strax í kjölfar þessa máls var vinna sett í gang sem varð til þess að siðareglur HK voru settar. Þær hanga uppi í öllum húsakynnum HK og er dreift meðal starfsfólks, þjálfara og iðkenda. Við unnum siðareglurnar í samvinnu við UMSK sem er okkar héraðs-samband og við erum fyrsta íþróttafélagið sem gerir þetta. Við höfðum til hliðsjónar reglur sem við fundum í Danmörku og Blátt áfram hafði einnig aðkomu að þessari vinnu. Samhliða því þá er ráðningarferlið orðið þannig að allir sem sækja um vinnu

hér þurfa að svara ákveðnum spurningum. Við vonum að þessar umbætur hafi forvarnargildi. Þetta er okkar aðferð til að gera öllum ljóst strax og þeir sækja um starf hér að við erum mjög meðvitað og við tökum á málum. Við getum auðvitað aldrei fullrytt um að öllu sé fullkomlega óhætt hér, en félagið er a.m.k. undir það búíð að bregðast við og koma máluunum í rétt ferli hjá fagfólki.

Annað er það að allir þjálfarar og starfsfólk HK er skyldað til að sitja námskeiðið Verndarar barna. Þeirri reglu höfum við fylgt frá árinu 2008. Á þessu ári hefur það að vísu ekki alveg tekist, en það hafa um 180 einstaklingar á okkar vegum setið þessi námskeið hjá Blátt áfram. Þá kemur leiðbeinandi frá Blátt

Hvernig er með foreldrafundi hjá íþróttafélögum, er virkt samtal á milli þjálfara og yfirstjórnar og svo foreldra?

„Já, svo sannarlega. Sá misskilningur er reyndar áberandi að íþróttafélögin séu á framfæri sveitarfélagana eða hins opinbera en þau eru það ekki. Þetta eru einstaklingar, oft sjálfbodaliðar sem eru að vinna ósérhlífna vinnu og fá ekki krónu borgaða. Þetta er í grunninn áhugamannafélag um íþróttir. Við heyrum meira og meira frá foreldrum sem hafa einhvern veginn þá trú að við séum bara hluti af skólakerfinu og okkur beri að sjá um og annast börnin á svipaðan hátt og skólarnir. Við leggjum okkur samt sem áður fram um að tryggja öryggi barnanna sem allra best.“

„Það sem snýr að Blátt áfram af okkar hálfu er einlægt þakklæti til Siggu fyrir alla þá aðstoð sem hún hefur veitt okkur“

áfram hingað inn og það er 20 til 30 manna hópur sem fer í gegn um námskeiðið í hvert sinn. Þetta gerum við til þess að gera allt okkar starfsfólk meðvitað um hvað ofbeldi er, ekki gera það að sérfræðingum heldur að gera það fært um að meta aðstæður og bregðast við með réttum hætti ef grunur vaknar um eitthvað óeðlilegt.“

Hver voru viðbrögð starfsfólks við þeirri reglu að skylda alla starfsmenn til sitja námskeiðin?

„Framan af voru fyrstu viðbrögð margra að þetta væri meiri vitleysan, fólk þyrfti ekkert á þessu að halda, það vissi allt um þetta, hefði lesið sér til um málin o.s.frv. En ég verð ekki var við það lengur, það hafa allir miklu meiri skilning á þessu núna, enda er þetta bara orðinn hluti af starfsemi HK. Það er engin spurning um þetta lengur, þetta er bara hluti af þinni ráðningu. Þetta er orðinn sjálfsgæður hluti í dag.“

Hver eru viðbrögð fólks við námskeiðunum?

„Þau eru afskaplega misjöfn og skiptar skoðanir, en það verður alltaf þannig. Það láta sig allir hafa það að mæta og reyna held ég að gera það með opnum huga. Því er sýndur skilningur að þetta er einfaldlega orðinn hluti af starfsemi félagsins. En svo eru líka dæmi um fólk sem hafði sterkar skoðanir á námskeiðunum fyrirfram en vildu síðan helst ekki yfirgefa fundarsalinn þegar námskeiðið var búíð. Þessir einstaklingar komu síðan nokkrum vikum seinna og ítrekuðu þakkir fyrir að hafa fengið þessa fræðslu, hún hafi verið svo gagnleg og komið þeim svo þægilega á óvart.“

HK rekur eigið samgangnakerfi

„Eitt af því sem HK gerir í dag er að við erum með íþróttavagn fyrir börn í fyrsta til fjórða bekk. Þannig að við rekum í raun okkar eigið strætókerfi vegna þess að við erum með starfsemi hér í Fagralundi, síðan í Digranesi og í Kórahverfi. Okkar börn þurfa að fara á alla þessa stadi. Við gerum þetta í samvinnu við frístundaheimili skólanna þannig að íþróttafélagið reynir eftir megni að auka þjónustu við iðkendur og foreldra. En það verður samt ekki nægilega ítrekað að íþróttafélögin eru ekki hluti af hinu opinbera.

Ég verð í lokin að segja þér eina sögu í tengslum við íþróttavagninn. Hann var að keyra hérna í burtu og lítill gutti kom hlaupandi og hafði greinilega misst af honum. Ég var í þann mund að keyra í burtu. Hann hleypur á eftir íþróttavagninum, sem var ekkert hægt að stöðva svo ég segi við strákinn: „Komdu bara, ég skal skutla þér.“ Þá svaraði minn maður: „Nei, ég fer ekki upp í bíl hjá okunnugum.“ Auðvitað var þetta hárrétt hjá honum. Þótt ég sé framkvæmdastjóri HK og hann sé minn umbjóðandi, þá er ég auðvitað okunnugur í hans augum. Ég var bara einhver karl í bíl. Mér brá auðvitað svolítið við að fá þessi viðbrögð en fannst þetta samt æðislega flott, þetta voru hárrétt viðbrögð hjá honum.“





FORVARNARÁTAK Í HAFNARFIRÐI

eftir að saga Thelmu Ásdísardóttur kom út

Geir Bjarnason, æskulýðsfulltrúi hjá Hafnarfjarðarbæ, var einn þeirra sem ýtti forvarnarátakinu úr vör en í því felst meðal annars að allt starfsfólk sveitarfélagsins sem vinnur með börnum og unglingum situr námskeiðið Verndarar barna.

Hafnarfjarðarbær réðist í forvarnarátak gegn kynferðisofbeldi í kjölfar þess að bók Gerðar Kristnýjar, Myndin af pabba, sem segir sögu Thelmu Ásdísardóttur, kom út árið 2007. Bókin greinir frá kynferðisafbrotamálum innan fjölskyldu í Hafnarfirði.

„Við höldum stóran fund, fórum yfir málin og niðurstaðan sem við komumst að var sú að sveitarfélagið hefði brugðist fjölskyldu Thelmu. Þótt vissulega hefðu allt aðrir tímar verið þá en í dag, þá tókum við þessa afstöðu. Við settum síðan saman nefnd sem fór yfir þessi mál í heild sinni innan sveitarfélagsins og skoðaði hvað við gætum gert betur. Við gengumst einfaldlega við því að við höfðum ekki sinnt þessum málaflokki sérstaklega og ákváðum að fá Blátt áfram til samstarfs við okkur.“

Við skoðuðum líka ýmsa aðra möguleika varðandi fræðslu fyrir starfsfólkið og einnig hvort við ættum að búa til okkar eigið efni, en efnið frá Blátt áfram fyrir námskeiðið Verndarar barna stóðst fyllilega þær kröfur sem við gerðum. Við fórum þá leið að senda starfsmenn félagsþjónustunnar hjá okkur á leiðbeinendanámskeiðin hjá Blátt áfram og þeir halda því utan um fræðsluna á okkar vegum. Við lögum efnið að einhverju marki að okkar áherslum og aðstæðum, því við erum að vinna með svo marga og ólíka hópa. Sá sem er að vinna í leikskóla þarf kannski aðra nálgun en sá sem er að vinna í grunnskóla eða félagsmiðstöð, þannig að við höfum í gegnum þetta ferli líka reynt að bæta okkur og þróa þetta áfram.

Með þessari fræðslu erum við um leið að vekja athygli á starfsemi félagsþjónustunnar og þess vegna er gott að láta starfsfólk hennar kenna á þessum námskeiðum. Með þessu fyrirkomulagi myndast bein tengsl milli starfsmanna félagsþjónustunnar og starfsfólks sveitarfélagsins, sem geta ekki orðið til annars en að greiða fyrir þegar og ef mál koma upp.“

Laga efnið að aðstæðum og leita lausna

Geir segir viðbrögð starfsfólks við þeirri reglu sveitarfélagsins að sitja námskeiðin frá Blátt áfram almennt vera góð.

„Við höfum reyndar ekki gert formlegar kannanir á því en markmiðið að gera það í framtíðinni, því við eigum að mæla allt svona með viðhorfskönnunum. En það sem við höfum heyrt er mjög jákvætt. Það hefur reyndar komið upp sú umræða hvort reglurnar sem kenndar eru á námskeiðinu séu of harðar og þá sérstaklega í tengslum við tónlistarnámið, vegna þess að tónlistarkennsla byggir á einkanámi og stundum jafnvel í hljóðeinangruðu rými. Að það gangi einfaldlega ekki upp að setja það viðmið í tónlistarskólum að forðast aðstæður þar sem fullorðinn er einn

„Við gengumst einfaldlega við því að við höfðum ekki sinnt þessum málaflokki sérstaklega og ákváðum að fá Blátt áfram til samstarfs við okkur.“

með barni. En þar komum við aftur að því að það er hægt að laga efnið að aðstæðum og ég held að það hljóti að vera hægt að finna lausnir sem henta í öllu tímastundastarfi.

Við verðum líka í síauknu mæli vör við að foreldrar fylgist með og spyrji hvort sveitarfélagið vinni að forvörnum í þessum málaflokki, þannig að við heyrum aðallega jákvæða hluti innan frá og verðum einnig vör við aukna kröfu utan frá um að starfsfólk sé upplýst. Ég hef starfað á þessu sviði í 25 ár og mest komið að starfi félagsmiðstöðva og starfi með unglingum. Hér áður fyrr man ég aldrei til þess að foreldrar spyrðu út í starfið sem þar fór fram, en í dag eru þeir duglegir við að spyrja okkur beint og eins leitum við beinlínis eftir álitum þeirra með því að gera þjónustukannanir. Við viljum að foreldrar veiti okkur aðhald svo við getum haldið áfram að bæta okkur, enda hljóta allir að vilja tryggja velferð barna.“

Hefur sveitarfélagið sett sér einhver framtíðarmarkmið varðandi þennan málaflokk?

„Þau eru einmitt til skoðunar núna. Við teljum okkur vera búin að loka einum hring með því að við ná því markmiði að allir núverandi starfsmenn sveitarfélagsins sem starfa með börnum sæktu námskeiðið Verndarar barna. Við byrjuðum á því að taka eina stofnun fyrir í einu. Það ferli hefur tekið fjögur ár og um 800 starfsmenn okkar hafa setið námskeiðin. Nú bíður okkar þá verkefni að búa til kerfi sem tryggir að nýir starfsmenn

fái fræðsluna líka, en frá og með þessu ári verða námskeiðin haldin árlega fyrir nýtt starfsfólk allra stofnana. Eins þurfum við að taka ákvarðanir um hvað við gerum varðandi eftirfylgni og stuðning við starfsfólk því það þarf eitthvað meira að vera í gangi. Svo höfum við heldur ekki sett okkur afgerandi síðareglur eins og margir hafa gert. Það eru vissulega til síðareglur bæjarstarfsmanna, en þær snúa ekki að þessum málaflokki. En við erum vinna að langtímamarkmiðum og vitum að þetta gerist ekki á einni nóttu.“

Stendur foreldrum til boða að fá þessa fræðslu á vegum sveitarfélagsins?

„Já, en hún hefur verið veitt í gegnum foreldrafélögin. Í þeim tilvikum leggjum við til starfsmenn en foreldrafélagið þarf að svo greiða annan kostnað, námsefni og annað slíkt. Þá er kostur að hafa hér innanbúðarfólk sem er hluti af okkar kerfi og getur tekið þessi námskeið að sér. Það hafa ekki öll foreldrafélög óskað eftir þessu en nokkur þeirra hafa gert það við góðan orðstír. Það sama á við um fræðslu fyrir börnin. Þar þurfa félagsráðgjafar einnig að vera á staðnum og sveitarfélagið leggur til alla starfsmenn. Það er því miður svo að íðulega stiga einhver börn fram eftir slíka fræðslu og segja frá. Sá fagaðili sem er viðstaddur tekur þá við málinu og kemur því þá í farveg.“

Mál koma fyrr inn á borð barnaverndaryfirvalda

Geir segir ekki síður skipta máli að vekja samfélagið í heild til meðvitundar en að fræða starfsmenn sveitarfélagsins.

„Við vonumst að sjálfsgöðu til þess að þetta dreifist sem við-ast. Ósk okkar er auðvitað sú að barnaverndarmálum fækki og að kynferðisofbeldismálum fækki enn hraðar en öðrum málum. Sá veruleiki hefur enn ekki litid dagsins ljós, en við sjáum þó að mál koma fyrr inn en áður var, og því er hægt að grípa til aðgerða fyrr, sem skiptir miklu máli. Þannig að þrátt fyrir að það starf sem þegar hefur verið unnið sé gott og hafi skilað árangri, þá þarf auðvitað miklu meira til. Þetta verður að vera þannig að við stígum fyrsta skrefið en samfélagið fylgi fast á eftir og þá fyrst tel ég að hinn raunverulegi ávinningur sýni sig. Það sem er í kortunum núna er að vinna þetta markvisst með íþróttahreyfingunni hér í bænum og fá hana til að taka þátt í þessu verkefni með okkur. Íþróttahreyfingin er ekki á framfæri sveitarfélagsins og þess vegna ná þessar reglur okkar ekki til starfsfólks á þeirra vegum. En vonandi tekst okkur að finna samstarfsflöt á þessu máli.“

Blátt áfram eru brautryðjendur

Í almennri fræðslu um kynferðisofbeldi

Gunnþórunn Jónsdóttir er einn helstu bakhjarla Blátt áfram. Hún tekur á móti mér á heimili sínu og leiðir mig inn í bjart og myndarlegt rými á neðri hæð hússins þar sem samtökin höfðu aðstöðu í fjögur ár, bæði skrifstofu og kennslurými.

Samstarf Gunnþórunnar við Blátt áfram hófst með því að Sigga hafði samband við hana haustið 2007 og leitaði eftir stuðningi við verkefni sem átti að standa í fjögur ár. Verkefnið fólst í því að koma af stað námskeiðum fyrir starfsfólk og kennara leik- og grunnskóla.

„Ég tók þá ákvörðun að standa með þeim í þessu og gerði það. Ég bauð þeim að nýta þessa aðstöðu og útvegaði þeim bíl. En þarna fóru þessi námskeið af stað, þarna gátu 20-30 manns komist fyrir í hvert skipti. Ég gekk í þetta verkefni af heilum hug, tók það mjög alvarlega og vildi gera vel.“

Hvernig hefur þér fundist að fylgjast með þróun þess hvernig tekið er á þessum málum í samfélaginu með tilliti til aðkomu þinnar að Blátt áfram?

„Betur má ef duga skal. Það er alveg á hreinu, en það hefur heilmargt gerst á síðustu 10-15 árum. Auðvitað verða engar gagngerar breytingar á einni nóttu þegar kemur að svona viðkvæmu og erfiðu málefni. En mér finnst ég sjá framför og ég er ekki í vafa um það að Blátt áfram hefur gert kraftaverk, þó svo að mér finnst alltof lítið minnst á samtökin og þeirra hlut í þeirri viðhorfsbreytingu sem orðið hefur. Þau hafa verið brautryðjendur í almennri fræðslu um þessi mál og gert svo margt.“

Eitt er að rjúfa þögnina og annað að fyrirbyggja

Það fór svo mikill drifkraftur af stað þegar þær byrjuðu. Fólk virðist almennt ekki taka eftir nema kannski sjónvarpsauglýsingunum þeirra en svo er svo mikill hraði í samfélaginu að það meðtekur málið ekki almennilega. Það meðtekur hryllinginn, talar sín á milli um hvað þetta sé hræðilegt, en svo nær það ekkert endilega lengra. Mér finnst þurfa að efla almenna fræðslu enn frekar. Það skiptir öllu að kynna sér málið og eins að sjá hvað hefur áunnist á hverjum tíma, hvað við getum lært af því og hverjir hafa verið að vinna í þessu bak við tjöldin.

Síðan er eitt að rjúfa þögnina en annað er að fyrirbyggja. Samtökin hafa unnið mikið í forvörnum og námskeiðin styðjast við bandaríska leið. Það eru mörg atriði í námsefninu sem kveikir í fólki, ég hef heyrt talað um það. En það er nauðsynlegt að fá fræðsluna inn í skóla, íþróttafélög og alls staðar þangað sem börn eru og ekki síst inn á heimilin. Við þurfum að hjálpa börnunum til að vera meðvitað og hafa aðferðir til að bregðast við. Það er það sem Blátt áfram veitir. Blátt áfram réttir fram aðferðir til forvarna. Ég lít þannig á það.“

Hvernig finnst þér að horfa yfir farinn veg með samtökunum?

„Ég hef því miður ekki fylgst of vel með málum hér á landi undanfarið vegna þess að ég er mikið erlendis, en ég geri þó mitt besta. Það hefur reyndar komið mér á óvart er að eftir að fólk frétti af afskiptum mínum af samtökunum fóru margir að opna sig við mig og segja mér frá sinni reynslu. Mér fannst það dálítið merkilegt,



„Aðstandendur fyllast oft sjálfsásökunum og þar held ég að mæður séu efstar á blaði. En það á enginn sök annar en gerandinn.“

en þótti einnig afar vænt um það. Ég hef aldrei komið að þessum málum sem fagmanneskja, en mér finnst þetta segja mér að fólk er að vakna til vitundar og virðist ekki alltaf vita hvert það á að leita.“

Hvernig finnst þér að horfa enn lengra aftur í tímann og bera saman við daginn í dag?

„Svona lagað var bara ekkert rætt hér áður fyrr. Það er alveg sama hvort um er að ræða þessi tilteknu mál, sjúkdóma, dauðsföll eða annað. Mál sem komu einhvern veginn við tilfinningar fólks voru bara aldrei rædd. Þegar

mín kynslóð óx upp gekk allt út á að vera sterkur. Það að gráta ekki í jarðarför maka síns var styrkleikamerki. Fólk var hampað fyrir að sýna ekki tilfinningar. Svo það er ekkert skrytið að flóknari mál reynist fólki erfið. En það er svo óheilbrigð að geta ekki talað. Við erum komin frekar stutt í því finnst mér. Heimilin þurfa að taka á því, það þarf eiginlega að byrja þar. Svo þarf samfélagið að fylgja með.“

Ekki sjálfsagt að aðstandendur bregðist rétt við

„Ég get líka sagt þér sögu af því að ég fór fyrir hálfgerða tilviljun á námskeiði í Bandaríkjunum. Ég hafði ekki alveg áttað mig á því nákvæmlega um hvað það átti að snúast, en það fjallaði um áföll. Við vorum átta konur á þessu námskeiði. Svo byrja tvær konur að segja sögur sínar sem voru hræðilegar. Þær höfðu báðar verið misnotaðar af feðrum sínum og mæður þeirra höfðu ekki staðið með þeim þegar þær leituðu til þeirra. Þá allt í einu þyrmdi yfir mig sú staðreynd að það er ekki sjálfsagt að aðstandendur bregðist rétt við þegar svona kemur upp. Ég er sjálf aðstandandi fórnarlamb kynferðisofbeldis sem trúði mér fyrir sínum málum, en í því tilviki var frændi viðkomandi gerandinn. Ég brást við með þeim hætti sem mér fannst einhvern veginn sjálfsagt, en þarna var mér sagt að ég hafði brugðist rétt við og áttaði mig um leið á að það er ekki sjálfsagt að fólk geri það. Svo má ekki gleyma að svona lagað er líka áfall fyrir aðstandendur og upp úr þessu átti ég frumkvæði að stofnaður yrði mæðrahópur um þessi mál sem síðar varð hluti af Drekaflóði. Aðstandendur fyllast oft sjálfsásökunum og þar held ég að mæður séu efstar á blaði. En það á enginn sök annar en gerandinn. Það er mikilvægt að allir leiti sér aðstöðar þegar svona mál koma upp, líka aðstandendur, en langmikilvægast finnst mér að foreldrar hlusti á börnin sín og standi með þeim.“

Við erum enn ekki laus við fordóma

Það er greinilegt á máli Gunnþórunnar að henni er mjög hlýtt til Blátt áfram og aðstandenda samtakanna.

„Mér hefur þótt mjög gaman að styðja við þetta starf og það var oft líf og fjör hérna niðri hjá okkur. Sumum fannst líka erfitt að sitja námskeiðin. Það fylgir þessum málum ennþá svo mikil skómm, sem sýnir að við erum ekki enn kominn á þann stað að vera laus við fordóma. Mér finnst framför í samfélaginu að því leyti að það er opnara og meðtekur þetta. Svo held ég líka að við höfum fengið að sjá skýrt á undanföllum árum að þessi mál koma ekki bara upp í einhverjum einum þjóðfélagsþópi heldur öllum. Svo er rétt að halda því á lofti að þrátt fyrir allt eru til úrræði fyrir alla, það er hægt að vinna vel úr málum, eitt skref í einu, komast vel frá þessum áföllum og standa uppi sem heilsteypt manneskja.“

Ég óska samtökunum alls hins besta og óska þess að starfið haldi áfram um alla framtíð.“



Íslensk löggjöf á heimsmaelikuvarða

kynferðisbrot gegn börnum fyrnast ekki lengur

Ágúst Ólafur Ágústsson var þingmaður í sex ár eða frá 2003-2007 og er fyrrverandi varaformaður Samfylkingarinnar. Fyrsta þingmál Ágúst Ólafs laut að afnámi fyrningarfrests í kynferðisbrotum gegn börnum.

Þrátt fyrir að hafa verið í stjórnarandstöðu á þeim tíma sem hann lagði frumvarp um afnám fyrningarreglna í kynferðisbrotum gegn börnum, bjóst hann við þverpólitískum stuðningi við málið. Það var þó öðru nær og þegar á hólminn var komið kostaði það hann mikla baráttu að ná málinu gegn um þingið.

„Á þessum tíma höfðu ákveðin skref verið tekin í því að bæta réttarstöðu þolenda kynferðisofbeldis bæði gagnvart börnum og konum. En það þurfti að ganga lengra á ákveðnum sviðum og ég lagði megináherslu á afnám fyrningarfrests vegna kynferðisbrota gegn börnum. Það að vera í stjórnarandstöðu, eins og ég var á þessum tíma, hafði þær afleiðingar að erfitt var fyrir mig að ná málum í gegn um þingið. Þetta var aftur á móti þannig mál að ég bjóst við því að það hlýti breiðan stuðning þvert á flokka, en svo reyndist ekki vera. Meirihlutinn á þeim tíma var ekki tilbúinn að stíga þetta skref. Samþykkt frumvarpsins hefði sett íslenska refsilöggjöf á heimsmaelikuvarða hvað þetta varðar því öll þessi brot voru háð fyrningarreglum og í raun eru bara örfá brot í íslenskri löggjöf sem fyrnast ekki. Það eru s.s. landráð, hryðjuverk, manndráp og önnur brot sem varða ævilöngu fangelsi. Kynferðisbrot gegn börnum varða ekki ævilöngu fangelsi og þess vegna fyrndust þau. Það lá því í augum uppi að mörg þessara mála fyrndust og fyrir mér var óásættanlegt að gerendur í þessum málum nytu góðs af fyrningarreglum löggjafarinnar en þolendur kynferðislegs ofbeldis í æsku koma oft mjög seint fram. Í allt of mörgum tilvikum voru kynferðisbrot gegn börnum fyrnd. Þannig að ég vildi breyta löggjöfinni í þá átt að þolendur ættu möguleika á því að ná fram réttlæti í réttarsalnum. Þess vegna lagði ég af stað í þennan leiðangur.“

Blátt áfram safnaði 22.000 undirskriftum

„Blátt áfram lýsti mjög fljótt yfir stuðningi við frumvarpið og barðist ótulllega úti í samfélaginu auk þess að þrýsta á þingið svo frumvarpið gæti orðið að lögum. En svo leið ár og málið náðist ekki í gegn. Þá ákvað Blátt áfram að setja á fót undirskriftasöfnun. Hún var að mörgu leyti fordæmalaus því það söfnuðust 22.000 undirskriftir sem þrýstu á um að þetta þingmál mitt yrði samþykkt. Undirskriftirnar voru sendar annars vegar til allsherjarnefndar þingsins þar sem ég sat og síðan til sitjandi dómsmálaráðherra á þeim tíma. Þannig að þrýstingurinn var stöðugur og stuðningur við þetta þingmál var mikill í samfélaginu. Við fengum sömuleiðis stuðning frá ungliða-hreyfingum allra stjórnsmálaflokka sem mér fannst sýna nýja hugsun í stjórnsmálunum, þar sem áherslan var á að vinna sameiginlega að brýnum hagsmunamálum. Jafnframt fékkst mikilvægur stuðningur frá mörgum í fagstéttunum sem einnig vildu stíga þetta skref. En allt kom fyrir ekki og annað ár leið. Það var ekki fyrr en í fjórðu tilraun á þingi sem þetta mál varð að

lögum og þá eftir ákveðnar samningaviðræður inni á þingi því á þeim tíma var einnig verið að breyta hegningarlögunum með öðrum hætti. En loksins árið 2007 var þetta skref tekið, þannig að eftir því sem ég best veit er Ísland eina landið í heiminum þar sem kynferðisbrot gegn börnum eru ófyrnanleg. Ég lét þingið athuga þetta og við fundum hvergi annars staðar samþættilaga löggjöf. Lögin tóku gildi árið 2007 og ná þau til alvarlegustu kynferðisbrota gegn börnum. Jafnvel á Norðurlöndunum, sem við lítum iðulega til og þá sérstaklega á þessu sviði, lúta kynferðisbrot gegn börnum fyrningarreglum. Þannig að við höfum brotið blað að þessu leyti og stuðningur Blátt áfram skipti sköpum í þessari baráttu. Samtökinn voru öflug við að setja þetta baráttumál á oddinn í fjölmiðlum og svo hafði undirskriftasöfnunin mikið að segja. Þetta var fyrir tíma facebook-undirskrifta þannig að það var mikið afrek af þeirra hálfu

„Við höfum brotið blað hvað þetta varðar og stuðningur Blátt áfram skipti sköpum í þessari baráttu.“

að svo margir skyldu rita nafn sitt undir yfirlýsingu til stuðnings þessu þingmáli. Ég held að stuðningur Blátt áfram hafi skipt gríðarlegu máli við að ná fram þessari lagabreytingu. Ég er afar stoltur af þessu máli.“

Eldri mál lúta enn fyrningarreglum

„Breytingin mun hafa mikla þýðingu í framtíðinni og er í mínum huga einnig ákveðið grundvallarmál. Enn búum við þó við þann veruleika að brot sem framin voru fyrir árið 2007 lúta gömlu fyrningarreglunum þar sem svona lagabreytingar geta ekki orðið afturvirkar, því það bryti í bága við stjórnarskrá. Réttarbótin er fölginn í því að þau brot sem framin eru eftir árið 2007 munu ekki fyrnast. Svo þetta mun breyta miklu fyrir þolendur sem geta nú leitað réttar síns hvenær sem er á lífsleiðinni án þess að fyrningarreglur standi í vegi fyrir því.“

Hvað fólst nákvæmlega í fyrningarreglunum?

„Gömlu fyrningarreglurnar fólu í sér að alvarlegustu brotin fyrndust á fimmtán árum eftir að brotaþoli hafði náð fjórtán ára aldri. Þannig að þeir sem stígu fram eftir 29 ára aldri og vildu leita réttar síns, ráku sig á þennan vegg. Á þeim tíma sem ég var að fást við þetta mál syndi tölfræðin

að 40% þeirra sem leituðu til Stígamóta vegna afleiðinga kynferðislegs ofbeldis í æsku voru eldri en 29 ára og málin þeirra því fyrnd. Eðli brotanna er þannig að fólk leitar sér oft aðstoðar seint. Þau eiga sér oft stað innan fjölskyldunnar og taka mikið á brotaþolana svo það tekur þá oft mörg ár að leita sér aðstoðar, hvað þá að kæra málin til lögreglu. Samhliða þessu hafa mörg önnur skref verið tekin í löggjöfinni. Þannig að ég held að löggjöfin sem slík sé nokkuð góð hvað varðar kynferðisbrotin, bæði gegn börnum og fullorðnu fólki, þótt auðvitað megi alltaf gera betur. Við höfum á undanföllum fimmtán árum tekið mjög veigamikil skref í að bæta lagaumhverfið og kynferðisbrotakaflinn er nútímalegri. Eftir stendur samt þessi hrikalega tölfræði að um 300 börn leita til Barnahúss á hverju einasta ári. Um 150 mál koma árlega inn á borð lögreglu sem lúta að kynferðisbrotum gegn börnum. Þannig að þetta vekur mann til umhugsunar um það hversu algeng þessi brot eru, því það eru ekki allir þolendur sem leita til opinberra aðila. Mörg þessara mála koma aldrei upp á yfirborðið, þótt við getum auðvitað aldrei vitað hve stórt hlutfall það er.“

Finnst þér úrræði á vegum hins opinbera vera nægilega skilvirk í þessum málum?

„Það skiptir miklu máli í þessari umræðu að tala kerfið ekki of mikið niður, því almenningur verður að geta treyst hinu opinbera. Mér finnst umræðan oft hafa leiðst út í fullyrðingar um að það þýði ekkert að kæra, réttarúrræðin séu seinvirk og annað slíkt. Auðvitað má gagnrýna það sem betur má fara en það eru fyrst og fremst gerendur í þessum málum sem hagnast á því ef kerfið er dregið niður að ósekju. Ég er alfarið þeirrar skoðunar að það eigi að kæra þessi mál. Ég held að almennt séð sé réttarvörslukerfið, þ.e. lögreglu- og ákærvald, ágætlega í stakk búið til að taka á þessum málum. Þetta eru auðvitað vandmeðfarin mál og hið opinbera getur að sjálfsgöðu alltaf gert betur, en ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur setti til dæmis aukið fjármagn í þennan málaflokk, meðal annars til að styrkja meðferðarúrræði Barnahúss, styrkja ákærvaldið bæði á lögreglustiginu og hjá ríkissaksóknara og til fleiri verkefna. Ad lokum var svo gefið út vilyrði fyrir opnun nýs Barnahúss. Ég held að það skipti máli fyrir þolendur að vita að það er hægt að fara opinberar leiðir, kjósi fólk að gera það. Mér finnst ég heyra það hjá öllum þeim aðilum sem að þessum erfiðu málum starfar inn- an kerfisins að það er mikill metnaður fyrir því að gera vel. Kerfið getur verið þungt og auðvitað er erfitt að vera þolandi og fara með málið alla leið, en það er samt hægt og ástandið hefur batnað til muna síðustu 10-15 árin. Ekki bara hefur löggjöfin batnað, heldur líka framkvæmdin, eftirfylgnin og möguleikar hins opinbera að vinna þessi mál. Viðhorfsbreytingin er áþreifanleg í samfélaginu öllu held ég.“



Er mjög stolt af blátt áfram og vil veg samtakanna sem mestan

Helga Guðrún Guðjónsdóttir er formaður Ungmennafélags Íslands og aðstoðarskólalastjóri grunnskólans á Grundarfirði. Hún er fyrsti stjórnarformaður Blátt áfram, sem fór upphaflega af stað sem forvarnarverkefni innan UMFÍ

Á haustmánuðum árið 2003 kom Sigga því á framfæri Pál Guðmundsson, kynningarfulltrúi UMFÍ, að hún hefði áhuga á að koma á fót einhvers konar verkefni til forvarnar kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

„Páll sýnir hugmyndinni strax mikinn áhuga og kemur hugmyndinni á framfæri við framkvæmdastjórnann sem leggur málið fyrir stjórn UMFÍ. Stjórnin afréð að hitta þær systur, Sigu og Svövu, sem kynntu verkefnið betur fyrir okkur. Það var svo ákveðið að UMFÍ gengi til samstarfs við þær. Það var skipuð fimm manna stjórn yfir verkefnið og ég var kjörin formaður þessarar fyrstu stjórnar. Blátt áfram fer því af stað sem verkefni innan UMFÍ og er það fyrstu tvö

allt á tilraunastigi. En svo var hægt að gefa bæklinginn út þegar nægt fjármagn hafði fengist og hann varð grunnur að námsefninu. Svo bættist við efni sem kennarar og aðrir gátu fengið og nýtt sér, þannig að smátt og smátt vorum við komin með mjög góðan pakka af efni í hendurnar til þess að hefja námskeiðshaldið í núverandi mynd. Þegar kom að því að kynna námskeiðin kom tengslanet UMFÍ sér vel, því við erum með héraðssambönd út um allt land. Við hófum námskeiðin innan okkar vébanda fyrir þjálfara og leiðbeinendur barna og unglinga og eins var foreldrahópum innan félagsstarfsins boðið upp á þau. Síðan var námskeiðunum komið inn í skólana þannig að smám saman breiddist verkefnið út.

sat svo áfram í stjórn Blátt áfram í rúmt ár meðan þau voru að fikra sig áfram sem sjálfstæð félagasamtök. Síðan hefur það bara stækkað og lifir góðu lífi.

Mér þykir óskaplega vænt um Blátt áfram. Óneitanlega tók vinnan þó á til að byrja með. Að heyra allar reynslusögurnar og átta sig á því hvað var að gerast þarna úti í samfélaginu sem snerti kynferðisbrot gegn börnum og unglingum. En þær systur voru samt svo styðjandi og hvetjandi og með svo skynsamlegar og uppbyggilegar áherslur. Þær ákváðu strax að hafa tilfinningarnar ekki of mikið inni í þessu, markmiðið væri að fræða, opna umræðuna, hjálpa börnum og unglingum að bregðast við, svo maður fylltist bara eldmóði. Þegar upp var staðið var þetta mjög



árin. Sigga og Svava voru samt sem áður verkefnastjórar, héldu utan um það, sáu um rekstur, útveguðu námsefnið og þess háttar. UMFÍ sá síðan um að afla fjár, setja námsefnið í þýðingu sem verður svo grunnurinn að námskeiðunum sem síðan fara af stað. Fyrsta efnið sem gefið var út á íslensku var bæklingurinn „7 skref til verndar börnum“. Verkefninu var strax mjög vel tekið. Í byrjun voru reyndar efasemdaraddir innan UMFÍ sem fannst þetta ekki endilega heyra undir okkar starfssvið. En hreyfingin hefur í gegn um sína 107 ára sögu sinnt alls kyns samfélagsverkefnum sem oft hafa verið þjóðþrifamál. Það að við skyldum fara af stað með Blátt áfram kveikti bara í umræðunni, bæði innan og utan félagsins. Þannig vinnur hreyfingin, hún er mannræktarhreyfing. Meginmarkmiðið er ræktun lýðs og lands, þannig að þótt við séum iðulega bendluð við íþróttir að þá eru þær ekki grunnurinn að starfinu. Það gera sér ekki allir grein fyrir því hvað starf félagsins snertir marga fleti.“

Hvernig fór svo fræðslustarfið af stað?

„Fyrstu námskeiðin voru haldin með rafrænu efni og þáttakendur vissu að efnið væri í þróun og þetta væri

UMFÍ lagði mikla áherslu á að fara strax fram með góðu fordæmi og byrja á því að veita sínu fólki fræðsluna. Alveg eins og kennarar eru mikilvægur hlekkur í uppeldi barnsins að þá getur þjálfari eða leiðbeinandi verið það líka. Ef barn treystir þjálfara sínum vel, þá kannski opnar það sig við hann og þá þarf hann að kunna að bregðast við. Eins þarf auðvitað líka að taka hina hliðina inn í myndina, að vera vakandi fyrir því ef þjálfari áreitir barn.“

Blátt áfram verða sjálfstæð félagasamtök

Verkefni Blátt áfram óx og dafnaði og svo kom að þeim tímamarki að ákveðið var í samráði við Sigu og Svövu að nú gæti það lifað sjálfstæðu lífi án aðkomu UMFÍ.

„Við litum alltaf á þær systur sem eigendur að þessu verkefni vegna þess að þær áttu hugmyndina, komu með hana til okkar og áttu frumkvæðið að því að við fórum í þetta samstarf. Þeir fjármunir sem UMFÍ hafði safnað til þessa verkefnis fylgdu því síðan þegar þær héldu áfram. Ég

„UMFÍ lagði mikla áherslu á að fara strax fram með góðu fordæmi og byrja á því að veita sínu fólki fræðsluna.“

skemmtilegt og gefandi starf en að sama skapi líka ákveðin sorg í kringum það. En ég er mjög stolt af Blátt áfram, af því að hafa tekið þátt í því og vil veg þessa forvarnarverkefnis sem mestan. Það var frá byrjun mjög uppbyggileg stemning í kringum það. Áherslan var á að geta talað um málin af yfirvegum og skynsemi og ekki hafa neinn æsi-fréttastil yfir þessu.“

Nú er ljóst að UMFÍ studdi Blátt áfram verulega þessi fyrstu ár, en hverju finnst þér þetta samstarf hafa skilað UMFÍ?

„Ég hafði alltaf verið að velta fyrir mér hvernig væri hægt að búa til almennilegt verklag innan hreyfinga eins og UMFÍ þegar svona mál koma upp. UMFÍ er mjög virkt innan Æskulýðsvettvangsins, ÆV, þar sem einnig eru skátar, KFUM, KFUK og svo Landsbjörg. Fyrir þremur árum kom ÆV á fót fagræði gegn kynferðislegri misnotkun og geta aðilar í þessum hreyfingum vísað málum til þessa fagræðs ef up kemur grunur um kynferðislega misnotkun. Ég held að það hafi verið mjög gott fyrir ÆV að stofna þetta fagræði, því fólk veigrar sér oft við að leita beint til Barnaverndaryfirvalda og veit ekki í hvaða ferli málin eiga að fara. Fagræðið er með heimasíðu þar sem eru upplýsingar um hvert á að leita ef einhver grunur er á einhverju vafasömu.

Auk þess setti ÆV sér síðareglur sem varða þennan málaflokk og þær eru aðgengilegar á heimasíðum félaganna.

Ég held að þessar umbætur sem orðið hafa séu bein afleiðing af Blátt áfram verkefninu. Ég er sannfærð um að við innan íþróttar- og æskulýðshreyfingarinnar værum ekki komin svona langt í þessum málum ef Blátt áfram hefði ekki farið af stað. Blátt áfram var rosalega áberandi í nokkur ár innan hreyfingarinnar og var fyrsta verkefnið sem fór af stað á þessu sviði. Það vakti fólk innan hreyfingarinnar til umhugsunar um að vera á varðbergi gagnvart þessum málum.“

Verum upplýst

- kaupum ljósið!

Ein af hverjum 5 stelpum og einn af hverjum 10 drengjum verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

Verum upplýst

Forvarnarsamtökin **Blátt áfram** hvetja til forvarnarfræðslu fyrir fullorðna í grunnskólum og samfélaginu öllu gegn kynferðisofbeldi á börnum. Starfið hjá forvarnarsamtökunum fer fram allt árið og fagna þau **10 ára afmæli** á þessu ári.

Það er verkefninu mikilvægt að samfélagið sýni stuðning sinn í verki því án framlaga væru Blátt áfram ekki starfandi. Við hvetjum landsmenn alla að hjálpa okkur í að upplýsa þjóðina um gildi forvarna.



Ljósið fæst í helstu verslunarkjörnum um land allt!

Blátt  áfram

Verum upplýst, kaupum ljósið! blattafram.is

Verum upplýst

- kaupum ljósið!



Ein af hverjum 5 stelpum og einn af hverjum 10 drengjum verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

Verum upplýst

Forvarnarsamtökin **Blátt áfram** hvetja til forvarnarfræðslu fyrir fullorðna í grunnskólum og samfélaginu öllu gegn kynferðisofbeldi á börnum. Starfið hjá forvarnarsamtökunum fer fram allt árið og fagna þau **10 ára afmæli** á þessu ári.

Það er verkefninu mikilvægt að samfélagið sýni stuðning sinn í verki því án framlaga væru Blátt áfram ekki starfandi. Við hvetjum landsmenn alla að hjálpa okkur í að upplýsa þjóðina um gildi forvarna.



Ljósið fæst í helstu verslunarkjörnum um land allt!

Blátt  áfram

Verum upplýst, kaupum ljósið! blattafram.is